

ORÐSPOR

2

Íslenska fyrir miðstig grunnskóla



VINNUBÓK

Nafn: _____

ORÐSPOR 2

Vinnubók
íslenska fyrir miðstig grunnskóla

ISBN: 978-9979-0-2060-8

© 2016 Ása Marin Hafsteinsdóttir, Kristjana Friðbjörnsdóttir

© 2016 Teikningar: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Lista yfir höfunda, réttihafa texta og ljósmynda er að finna aftast í bókinni.

Ritstjórar: Arna Guðríður Sigurðardóttir og Sigríður Wöhler

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Yfirlestur: Edda Pétursdóttir

1. útgáfa 2016

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Oddi ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.



ORÐSPOR 2

VINNUBÓK



Efnisyfirlit

4 Viltu aðra bók?

6 Málvísi

- 6** Málsgreinar
- 8** Að lesa og skilja ...
- 11** Andheiti
- 12** Samheiti
- 13** Hugarleikfimi
- 14** Strætóferð
- 15** Þjálfðu hugann
- 21** Hvað merkja orðin?

22 Fótspor – orðspor – netspor

- 22** Netævintýri
- 23** Að lesa og skilja
- 26** Kanntu að nota tilfinningatákn?
- 26** Netslangur
- 27** Hvað merkja orðin?
- 28** Heimsborgarar
- 29** Stafsetningarsjónaukinn
- 31** Málvísi

36 Út í geim og aftur heim

- 36** Er einhver þarna úti?
- 39** Persónusköpun – Geimvera
- 42** Þeir fóru á tunglið ... eða hvað?
- 47** Málfróður mælir – fallbeyging nafnorða
- 48** Nauðsyn þess að fallbeygja
- 49** Rifjaðu upp það sem þú veist nú þegar um nafnorð
- 51** Greinir
- 52** Geimkorn
- 53** Að afla upplýsinga
- 57** Málvísi

60 Segðu mér myndasögu!!! ...

- 60** Skrýtluskissa
- 61** Persónusköpun
- 62** Hvað ertu að segja?
- 62** Lestrarrannsókn Grínhildar
- 64** Að lesa og skilja
- 67** Úr smiðju Málfróðs – Lýsingarorð
- 71** Málfarasmolinn
- 72** Stafsetningarsjónaukinn

74 Rokkum og rímum

- 74** Að lesa og skilja
- 76** Miðgarðsormur – Orðarýni
- 78** Endarím og ljóðstafir
- 79** Atkvæði orða
- 81** Ferskeytla
- 82** Málfarsmolinn
- 86** Stafsetningarsjónaukinn

88 Orrustan um íslenskuna

- 88** Hvað merkja orðin?
- 89** Aftur til framtíðar!
- 90** Bókahillan
- 92** Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- 94** Ísland, gamla Ísland
- 96** Stafsetningarsjónaukinn

98 Viltu spila?

- 98** Hjarta, spaði, tígull, lauf
- 100** Ævintýrleg hlutverkaspil
– Upplýsingaleit
- 101** Útileikir í 1000 ár
- 103** Sagnorð
- 106** Fanga- og flaggleikur
- 108** Að rýna í orð
- 110** Hvað finnst þér?

Viltu aðra bók?

Halló, halló krílið mitt! Gaman að sjá þig aftur! Þú mátt sko alveg fá þessa bók. Já, nei ég hreinlega krefst þess að þú byrjir á þessari frábæru bók. Hún er sannkallað heilakonfekt. Og þú lærir svo mikið í leiðinni, er það ekki rétt, Málfróður minn?




Mikið rétt, Grínhildur mín. Og til hamingju með nýju vinnubókina þína kæri nemi. Við Grínhildur erum búin að leggja heilmikla vinnu í að búa hana til fyrir þig. Í henni eru ýmsar æfingar sem þjálf þig í íslensku. En hvernig líst þér nú á gripinn? Rýndu nú snöggvast í ritið og svaraðu eftirfarandi spurningalista.




Námsbókarrýni

Skoðaðu bókarkápuna á þessari vinnubók.
Hvernig lýst þér á kápumyndina?

Mér finnst _____

Lestu textann aftan á bókinni.
Í textanum er að finna eitt upphrópunarmerki. 

Skrifaðu málsgreinina sem endar á  hér á línurnar. _____

Fremst í bókinni er efnisyfirlit. Þar er að finna yfirlit yfir efnið í bókinni.
Kaflaheitin eru feitletruð.
Skoðaðu efnisyfirlitið. Hvaða kafla lýst þér best á? Nefndu tvo.

Á hvaða blaðsíðu er verkefni um *Heimsborgara*?

Í hvað kafla er undirkaflinn *Útileikir í þúsund ár*?

Á hvaða blaðsíðu er hægt að lesa um *Svæði 51*?

Einn kafli bókarinnar kallast *Hugarleikfimi*. Skoðaðu hann lauslega.
Hvaða verkefni í kaflanum líst þér best á?

Hvert er umfjöllunarefnið í kaflanum *Rokkum og rímum*?

Blaðaðu í gegnum bókina. Hvaða blaðsíður vekja athygli þína? Nefndu þrjár.

Bls. _____ Af hverju? _____

Bls. _____ Af hverju? _____

Bls. _____ Af hverju? _____

Málvísi

Málgreinar

Málgrein er eitt eða fleiri orð sem standa saman og fela í sér merkingu. Hefst alltaf á stórum staf og endar á punkti.
Dæmi: *Trúðurinn hljóp eins hratt og hann gat á eftir blöðrunni sinni.*
Má ég fá ís?

Óttalega er maður nú orðinn gleyminn. Hér blaðra ég frá mér allt vit um málfræði og málfar en veit lítið sem ekkert um þig. Hverra manna ert þú, lærlingskríli?



1

- Kynntu þig fyrir Málfróði. Skrifaðu a.m.k. átta málgreinar. Segðu frá þér og fjölskyldu þinni.
- Hvar ertu fædd/ur og alin/n upp?
 - Hvaðan koma foreldrar þínir? En afar þínir og ömmur?
 - Hvar býrð þú nú?
 - Hvar gætir þú hugsað þér að búa í framtíðinni?

Mundu að þú ert að tala við roskinn vitring. Hagaðu mál-fari samkvæmt því.

Að lesa og skilja ... og smá upprifjun um efnisgreinar

Lestu textann um Njáls-sögu og Hallgerði langbrók.

Njála



Til að fræðast meira um Íslendingasögur er tilvalið að skoða vefinn www.islendingasogur.is.

Njála er sennilega frægasta Íslendingasagan en hún er líka ein sú lengsta og flóknasta. Fjölmargar persónur koma við sögu, bæði góðar og vondar, eins og gengur og gerist. Í sögunni eru hugrakkar hetjur sem leggja lífið að veði til að verja sæmd sína og lenda fyrir vikið í ótal deilum og bardögum. Þar eru líka blóðheitar konur og ráðagóðir friðsemdarmenn – og brennuvargar en Njálsbrenna er talinn einn hörmulegasti atburður Íslendingasagnanna.

Njála gerist einkum á Suðurlandi en berst líka út fyrir landsteinana. Flestir atburðir Njálu tengjast tveimur bæjum, Hlíðarenda og Bergþórshvoli. Á Hlíðarenda búa Gunnar og Hallgerður ásamt sonum sínum en á Bergþórshvoli búa Njáll og Bergþóra með börnum sínum. Gunnar er aðalpersónan í fyrri hluta Njálu. Hann berst upp á líf og dauða og fellur að lokum með mikilli sæmd. Eftir það fylgjumst við fyrst og fremst með Njáli og sonum hans og þeim vandræðum sem þeir rata í.

Hallgerður langbrók er ein þekktasta kvenhetja Íslendingasagnanna. Hún er glæsileg kona, hávaxin og fögur en ákaflega skapmikil og hefnigjörn. Hallgerður er völdug og virðuleg húsmóðir á Hlíðarenda en stendur stöðugt í einhverjum deilum. Merkastar eru deilur hennar við Bergþóru, konu Njáls sem verða mjög blóðugar. Saga Hallgerðar er mun lengri en saga Gunnars á Hlíðarenda því þegar þau kynnast hefur Hallgerður þegar verið gift tvisvar. Bæði hjónaböndin enduðu illa og marga grunar að Hallgerður hafi átt þátt í dauða að minnsta kosti annars eiginmannanna. Hallgerður lifir líka lengi eftir fall Gunnars og flækist inn í fleiri deilur og átök.

Í þessum texta eru fjölmargar málsgreinar sem raðast inn í þrjár **efnisgreinar**.

Í fyrstu efnisgrein er Njála kynnt til sögunnar, ein frægasta Íslendingasagan.

Einnig er stuttlega sagt frá söguþræði.

Í annarri efnisgrein eru aðalpersónur sögunnar kynntar og stuttlega minnst á sögusviðið.

3

Um hvað er fjallað í þriðju efnisgreininni?

Svaraðu eftirfarandi spurningum

4

Hvað er Njála?

5

Njála gerist einkum á Suðurlandi en berst líka út fyrir landsteinana.

Hvar gerist sagan?

- Eingöngu á Suðurlandi.
- Á Suðurlandi og í fjöru.
- Á suðurhluta Íslands og í öðrum löndum.

6

Hverjir bjuggu á Hlíðarenda?

7

„... og fellur að lokum með mikilli **sæmd**“. Hvað merkir litaða orðið?

- sársauki
- virðing, sómi
- hávaði, læti

8

Hallgerður er **voldug** ... Hvaða orð merkir það sama og litaða orðið?

- valdamikil
 feitlagin
 skapstirð

9

Hver gæti verið ástæða þess að Hallgerður var kölluð langbrók?

10

Af hverju er saga Hallgerðar mun lengri en saga Gunnars á Hlíðarenda?
 Nefnið tvö atriði.

11

Veldu þrjú orð úr textanum sem þú ekki skilur. Skrifaðu þau inn í töfluna.
 Giskaðu á merkingu þeirra. Til þess þarftu ef til vill að lesa textann í kringum
 orðið vel og vandlega.
 Finndu merkingu orðanna í orðabók.

Orð	Ágiskun	Merking

Andheiti

Andheiti eru orð sem hafa andstæða merkingu.

Dæmi: kalt – heitt / úti – inni

12

Skrifaðu andheiti þessara orða á línurnar fyrir aftan.

veikur	_____	framar	_____
hávær	_____	hæg	_____
djúp	_____	beinn	_____
langur	_____	finna	_____
fljóta	_____	hreinn	_____
farinn	_____	neðar	_____
glöð	_____	lin	_____
daufur	_____	kofi	_____
breiður	_____	yfir	_____
blautur	_____	trúr	_____
leyfa	_____	byrja	_____
svart	_____	björt	_____

13

Þessi frásögn breytist heldur betur ef við notum andheiti. Settu andheiti fyrir aftan lituðu orðin.

Rúnar er **lengi** _____ að hugsa. Hann er líka **latur** _____.

Aldrei _____ hjálpar hann foreldrum sínum á heimilinu. Honum þykir

leiðinlegt _____ að læra og er **óþægur** _____ í skólanum.

Á morgnana er hann í **vondu** _____ skapi og **skammar** _____

kisu.

Samheiti

Samheiti eru orð sem hafa sömu eða svipaða merkingu.

Dæmi: heitt – hlýtt / sól – sunna

14

Tengið saman orð sem þýða það sama.

þybbinn	bók
hross	hestur
vitur	hróp
rit	vond
ill	þéttur
óp	gáfuð

Það er ljómandi góð hugmynd að kíkja í Samheitaorðabók þegar finna á samheiti.

15

Finnið samheiti eftirfarandi orða.

hvutti	_____
snögg	_____
ófríður	_____
skæla	_____
grannur	_____
telpa	_____
hungraður	_____
jurtir	_____
fiðringur	_____

16

Finndu samheiti lituðu orðanna og skrifaðu þau á línurnar.

Máninn hátt á himni skín. _____

Þegar ég vaknaði var allt orðið hvítt af **snjó**. _____

Búkolla er vitur **kýr**. _____

Strákurinn átti margar **kindur**. _____

Hugarleikfimi

Skammtímaminnið okkar geymir upplýsingar í nokkrar sekúndur. Til að auðvelda okkur að muna notum við oft endurtekningar – eins og að margendurtaka símanúmer sem við ætlum að muna.

Langtímaminnið geymir upplýsingar í marga klukkutíma, mánuði og jafnvel ár. Við getum ímyndað okkur að langtímaminnið sé eins og risastór geymsla með skápum, hillum og skúffum. Það sem við erum sífellt að sækja inn í geymsluna vitum við hvar er og erum fljót að finna það, þ.e. rifja það upp og muna. En sú þekking eða vitneskja sem við þurfum sjaldan að nýta okkur tekur okkur lengri tíma að finna í geymslunni, sem sagt það tekur okkur lengri tíma að rifja upp og muna. Langtímaminnið geymir allt sem við lærum, allt frá staðreyndum til hvers konar verknaðar (t.d. kunnáttuna að hjóla, synda og tannbursta okkur).



17

Þjálfðu athyglina

Skoðaðu þessar myndir og dragðu hring utan um 10 atriði sem eru ekki eins á báðum myndunum.



Strætóferð

18 Nú mun kennarinn lesa fyrir þig stuttan texta um systkin sem taka strætó. Hann les textann **þrisvar** sinnum. Lestu yfir spurningar hér fyrir neðan áður en kennarinn hefur upplestur. Hlustaðu á **fyrsta** upplesturinn án þess að skrifa neitt niður. Þegar kennarinn les í **annað** sinn skaltu reyna að punkta niður svörin jafn óðum. Þegar kennarinn les í **þriðja** sinn getur þú farið yfir hjá þér og bætt við því sem upp á vantar og staðfest svörin sem komin eru.

Hvaða dag taka systkinin strætisvagn? _____

Hvað heita systkinin? _____

Hvaðan taka þau strætó og hvert?

Frá _____

Til _____

Hvernig finnur mamma þeirra út hvaða strætisvagna þau eigi að taka?

Númer hvað eru strætisvagnarnir sem þau taka? _____

Klukkan hvað fara þau inn í fyrsta vagninn? _____

Hvar þurfa þau að skipta um vagna? _____

Hvar gætu þau helst misst af strætisvagninum og af hverju? _____

vegna þess að _____

Hvenær eru þau að koma í Smáralindina miðað við að öll ferðin taki tæpar 50 mínútur?

Grúskað á strætóvef



19 Núna vitið þið hvernig systkinin komast í Smáralindina. En hvernig kæmist þú í næstu verslunarmiðstöð frá þeim stað sem þú býrð á með því að nýta þér strætisvagna? Farðu inn á vefsíðuna www.straeto.is og sláðu inn heimilisfang þitt og áfangastað. Þú getur valið hvort tímasetningin sem þú setur inn miðist við það hvenær þú vilt leggja af stað eða koma á áfangastað.

- Hvar er næsta biðstöð fyrir þig að taka vagninn (mögulega fyrsta af nokkrum)?
- Númer hvað er vagninn/eru vagnarnir sem þú þarft að taka?
- Klukkan hvað kemur fyrsti vagninn sem þú tekur?
- Ef þú þarft að skipta um vagna, hvað fer langur tími í bið á milli vagna?
- Hvað tekur það þig langan tíma í heildina að fara heiman frá þér í verslunarmiðstöðina?

Þjálfaðu hugann

Ýmsar æfingar geta hjálpað okkur að þjálf hugann. Best er að hafa þær fjölbreyttar og gera eitthvað nýtt á hverjum degi eða a.m.k. í hverri viku. Hér koma nokkrar hugaræfingar.

Sudoku

20 Sudoku þrautirnar eins og við þekkjum þær í dag eru upprunnar í Japan. Kúnstin felst í því að fylla út í töfluna þannig að tölurnar 1–9 sé að finna einu sinni í hverri línu (lóðrétt og lárétt) og einu sinni í hverjum litlum kassa (sem er afmarkaður með breiðari línu).

Byrjum á einni auðveldri:

		1				8	3	
			7				6	
					1			
			8					
2	7		5	9	4			
4		6			2	7		
1							2	6
		9	3					8
6			4				1	5

Reynum svo eina erfiða:

				4				
7				1			3	4
			7					8
		1	8			7	9	
				6				
	3	8			1			
		9				8	7	
							6	
2			4	3				

Krossgátur

21 Hér á eftir fara fjórar krossgátur. Veldu þér a.m.k tvær til að leysa.

	12	Kindarhárið		Utanhúss -té-	Ekki niður heldur ...		Hræðir
20							
Strákur				Samhljóðar			Drykkju- maðurinn
2x50 í rómv. tölum			Dýr Talar stanslaust				
Liðug				Líkamshluti	Kyrrð Tilfinning		
	Sauma- verkfæri Kraftur					Dropi	
Fyrstur í stafrófi		Lokaði með lykli Ekki nei					
14							
Erting í húð							

	Þar kom þingið saman í gamla daga	Stafur eins og stafur	Hann var æðstur ása	Sér-íslenskur samhljóði	Hætta	Sérhljóði	
					Skel		
Bærinn á Stöng í Þjórsárdal							↓
Sérhljóði		-eð-		Fljót		500 í rómv. tölum	
		Tvíhljóð		té			
Afþakkaði					↓		
Kjafur						-ess-	
						Hefur	
Fimm				Þrjú fyrstu í stafrófinu			
				Bókstafur			
Fæði barn			Sérhljóð		Nöldur	Hróp	
			Kvk. greinir			Mannsnafn	
Þrjúnaðir sokkar							
Settar í augu til að sjá betur							
			Brjálaðir				

Til fróðleiks

Landnámsmenn voru ásatrúar. Guðirnir nefndust æsir. Æðstur þeirra var Óðinn. Þór var sterkastur ásanna. Freyja var frjósemisgyðjan. Loki var verstur allra. Þú getur fundið skemmtilegar bækur á bókasafninu sem segja frá ásum. Á Stöng í Þjórsárdal var reistur torfbær árið 1974 í þeim stíl sem var í gamla daga. Þessir gömlu dagar voru nefndir þjóðveldisöld og bærinn hefur því oft verið nefndur þjóðveldisbær.

	Stórt vatn á Suðurlandi	Belti		Vondur	Hún er óstundvís	Gustur	
Stærsta vatn á Íslandi							↙
Neðan á fæti			Reyna að finna				
			Gömul matarílát				
		Fæddur					
		Fljót					
Athuga			>				
Íprótt							
5 í rómv. tölum		Ípróttafélag				Sérhljóði	
Frásögn						Stefna	
	↙			2016			
				Sérhljóðar			
50 í rómv. tölum	↙	Neðsti hluti plöntu					

	Knattleikur iðkaður með höndum	Tónn -enn-		Útskýra og sýna	Íþrótt- félag í Rvík	Ekki góðu, heldur ...	
Það sem er aftan á höfði							
Fyrsti í stafrófi		Drengs- nafn	Stúlku- nafn Dettur				
Heiti					50 í rómv. tölum Glens		Kyrrð
Strákur							
Fer úr lagi						Vein -ess-	
		-ell- Tvíhljóð		Sælgæti úr mjólk Ess og enn			Blóm
Útkoma úr dæmi						Err Tónn	
Há og mjó bygging					Drapst		
				Hættu- merki			



Til fróðleiks

Í tónlist eiga allir tónar sitt nafn. Þetta eru nöfnin sem notuð eru í tónstiganum:
Do, re, mi, fa, so, la, ti, do.

Tvíhljóð í íslensku: ei, ey, au.

Völdundarhús

- 22 Að rata í gegnum völdundarhús er líka leið til að þjálfa hugann. Spreyttu þig á þessum tveimur völdundarhúsum.



Gátur

- 23 Nú skalt þú að æfa þig í því að leggja saman tölur í huganum:

Byrjaðu með töluna 1000

Bættu við hana 40

Bættu við hana 1000

Bættu við hana 30

Bættu við hana 1000

Bættu við hana 20

Bættu við hana 1000

Bættu við hana 10

Skrifaðu niður hvaða tölu þú endar með sem samtölu: _____

Skoðaðu bókstafina hér fyrir neðan, þeir virka handahófskenndir en svo er ekki.

Hvaða þrjár stafir koma á línurnar sé stafarunan kláruð?

j - f - m - a - m - j - j - á - s - ____ - ____ - ____

Skoðaðu þessa talnarunu, hvaða þrjár tölur koma á eftir sé sömu „reglu“ haldið áfram.

1 - 2 - 3 - 5 - 8 - 13 - ____ - ____ - ____

Bættu einu striki við orðið og þá færðu út nafn á bílategund.

x8|x8

Mamma hans Stefáns átti fjóra syni. Hún skírði fyrsta soninn Mánudag, annan soninn Þriðjudag og þriðja soninn Miðvikudag.

Hvað hét fjórði sonurinn? _____

Fólk, fólk, fólk. Hvað drekkur kýrin? _____

Hvað merkja orðin?

24 Merktu við rétt svar.

a. áreiti

- eitthvað sem sett er á reiti, eins og taflmenn á taflborð
- eitthvað sem truflar og spillir einbeitingu

b. kryfja

- skera upp lík og rannsaka líffærin
- gefa frá sér lágt hljóð

c. vitneskja

- þekking
- vitni í sakamáli

d. sjónarvitni

- sá sem veit að hann hefur góða sjón
- sá sem hefur séð einhvern atburð gerast

Að lesa og skilja

Rökkurhæðir – Gjöfin



Gjöfin er hluti af bókaflokknum um Rökkurhæðir. Höfundar bókanna eru Birgitta Elín Hassel og Marta Hlín Magnadóttir.

Við fyrstu sýn eru Rökkurhæðir eins og hvert annað úthverfi. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að svo er ekki því þar er ýmislegt ótrúlegt á seyði. Þórhallur býr í Rökkurhæðum. Tölvan hans er orðin gömul en úrskýrir það öll undarlegu atvikin?

Þórhallur hrökk upp með andfælum við lágvært píp. Það hlaut að vera mið nótt. Eina birtan í herberginu var grænleitur glampinn frá skjánum. Hann rámaði óljóst í að hafa fleygt sér í rúmið þegar klukkan var að nálgast fjögur og hann var farinn að sjá tvöfallt af þreytu.

Pípið hlaut að tákna endalok einhverrar uppfærslunnar, tölvan var ótrúlega góð með að sækja sér sjálf það sem hún þurfti. Þórhallur teygði sig í gleraugun, smellti þeim á nefið og leit á skjáinn.

Vertu velkominn Þórhallur

Þetta var með ólíkindum!

Í hvert sinn sem hann settist við tölvuna breytti hann *skjáhvílunni* en þessi texti virtist vera fastur inni sama hvað hann gerði.

Hann var reyndar ekki alveg viss um að textinn væri alltaf sá sami en skildi ekki hvernig hann ætti að geta breyst. Kannski hafði mamma stillt þetta svona, hún var greinilega klárari en hann hélt. Auðvitað var hægt að losna við skjáhvíluna með því að slökkva á tölvunni öðru hverju en honum þótti betra að skilja hana eftir í gangi. *Þá var hún klár* um leið og hann settist. Orðin á skjánum fóru svo mikið í taugarnar á honum að hann velti sér fram úr og settist við skjáinn og færði músina.

Vertu velkominn Þórhallur minnkaði smátt og smátt og skjáborðið – mynd af honum, pabba og mömmu á góðri stundu – blasti við. Þegar hann sneri sér aftur að rúminu sá hann hreyfingu útundan sér.

Hann hlaut að hafa rekist í *vefmyndavélina* því hún var að opnast og það þýddi ekkert að reyna að slökkva á henni á meðan hún var að ræsa sig upp. Þórhallur *bræddi með sér* að fara samt að sofa en ákvað að *hinkra* eftir vefmyndavélinni, slökkva svo á tölvunni og fá almennilegan svefnfrið.

Vefmyndavélin tók sér góða stund í að opnast. Þórhalli leiddist biðin svo hann hallaði sér aftur í stólnum og lokaði augunum rétt aðeins.

þóóóórhaaaaalluuuuur

var hvíslað upp við eyrað á honum.

Hann hentist á fætur í ofboði og starði á skjáinn fyrir framan sig.

Svaraðu eftirfarandi spurningum

2

Þórhallur hrökk upp með andfælum... . Hvernig vaknaði Þórhallur?

3

Flettu upp orðinu *skjáhvíla* í orðabók. Hver er merking orðsins?

Finndu a.m.k. eitt samheiti orðsins:

4

Þá var hún klár um leið og hann settist. Finndu samheiti litaða orðsins.

vitur

tilbúin

hestur

5

Orðið *vefmyndavél* er samsett orð. Hvaða orð mynda samsetta orðið?

6

... en ákvað að **hinkra** eftir vefmyndavélinni... Hvað merkir litaða orðið?

- að slökkva
- að færa
- að bíða

7

Skrifaðu nýja setningu úr þínu daglega lífi þar sem þú notar orðið hinkrar.

8

Þórhallur **bræddi með sér**. Hvað orð merkir það sama og þetta orðasamband?

- að bráðna
- að hugsa, velta fyrir sér
- að sofna

9

Giskaðu á hver eða jafnvel hvað var að kalla á Þórhall?

10

Hvaða bókaflokki tilheyrir *Gjöfin*?

11

Veldu þrjú orð úr textanum sem þú skilur ekki eða vekja áhuga þinn.
Skrifaðu þau inn í töfluna.

Orð	Ágiskun	Merking

Kanstu að nota tilfinningatákn?

12

Tengdu saman málsgrein og viðeigandi tákn.



Mér leiðist, hef ekkert að gera.



Fékkst þú A fyrir verkefnið? Ég líka.



Hver tók húfuna mína?!



Ég er búin að bæta mig ótrúlega mikið í stærðfræði á þessari önn.



Þetta er virkilega vel gert.



Þú ert svo klikkuð, Stína.

Netslangur

13

Á skjánum eru orð og orðasambönd sem vinsælt er að stytta í smáskilaboðum. Giskað á merkingu styttinganna hér fyrir neðan með því að leita í símanum.

gmt _____
rólex _____
Bíb _____
ves _____
s1a _____
nennis _____
gmg _____
ea _____



Hvað merkja orðin?

14

Merktu við rétt svar.

a. gersemi

- einhver sem er duglegur að gera eitthvað fyrir einhvern
- fágætur dýrgripur

b. að gantast

- að gera að gamni sínu, grínast
- að rífast

c. uppreisnarseggur

- byltingarmaður - sá sem krefur yfirvöld um breytingar
- sjóræningi með skegg

d. viðmælandi

- sá sem mælir viðarbúta
- sá sem rætt er við

e. að vafra

- flakka um á netinu
- að bulla

f. nýgræðingur

- einhver sem er nýbúinn að græða peninga
- einhver sem er byrjandi, nýr í einhverju

g. að sveima

- að svífa um, fljúga
- að svitna

Heimsborgarar

Textarýni

15

Lestu textann í lesbókinni á bls. 28–31 þar sem Sandra lýsir lífi sínu í Svíþjóð. Svaraðu eftirfarandi spurningum.

Hvaðan er Sandra?

Merktu við nákvæmasta svarið.

- frá Svíþjóð
- frá úthverfi í höfuðborg Svíþjóðar
- frá Fredsborg
- frá Stokkhólmi

Skólanum hjá Söndru lýkur klukkan korter í þrjú.

- rétt rangt

Hvað þarf Sandra að gera varðandi námið ef hún veikist eða missir úr skóla?

Hver eru upphaldsfög Söndru í skólanum?

Hvað er Sandra að gera úr mjólkurfernu?

Nefnið þrjú fög sem kennd eru í skólanum hennar Söndru.

Hvernig þótti þér textinn hennar Söndru? Segðu frá í nokkrum málsgreinum.

Stafsetningarsjónaukinn

N og NN í endingu orða

Steins-reglan

Lestu vel og vandlega um Steins-regluna á bls. 32 í lesbókinni.

Leystu síðan verkefnið hér á eftir.

16

Hvernig beygjast nöfnin. Fylltu inn í töfluna

nefnifall (hér er)	þolfall (um)	þágufall (frá)	eignarfall (til)
Steinn	Stein	Steini	Steins
		Þráni	
	Óðin		
			Kristins
Þórarinn			

17



Skrifið fjórar málsgreinar þar sem nafnið Óðinn kemur fyrir í öllum föllum.

nf. _____

þf. _____

þgf. _____

ef. _____



Pabbi Sigríðar heitir Kristinn.
Práinn og faðir hans eru nafnar.
Faðir Þórarins heitir Steinn en
faðir Elínar heitir Óðinn.



18

Skrifaðu fullt nafn krakkanna á línurnar. Hafðu eignarfallið í huga.

Steinn, himinn, morgunn, Þórarinn, Skarphéðinn,
Práinn, steinn, jötunn, Óðinn

19

Settu orðin í rammanum inn í textann á réttum stöðum þannig að þau passi við textann. Sum orðin koma fyrir oftari en einu sinni.

Hinn ógurlegi _____ rak upp hrikalegt öskur. Félagarnir fimm skutust í felur.
Frá _____ barst viðbjóðsleg fýla. Hann beygði sig niður og reif upp tréð sem
skýldi Ó _____. Sk _____ kastaði slöngvunni til Þr _____ og kallaði til
S _____ að kasta skjóðunni. S _____ leit til _____ og sá óveðursský
hrannast upp. Hann skalf á beinunum. Skyldu þeir lifa til _____? Hann kom
skjóðunni til Þ _____ sem opnaði hana og dró upp nokkra _____.
Þr _____ spennti slöngvuna um leið og Þ _____ kom _____ fyrir í
teygjunni. Jörðin skalf undan fótataki hins ógnvænlega _____.

Málvísi

Skammstafanir

Rifjum upp skammstafanir

Skammstafanir eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Þær eru iðulega notaðar til þess að stytta texta. Oft er hvert orð táknað með einum staf og punkti á eftir. Tökum dæmi: *Til dæmis verður t.d. og um það bil verður u.þ.b.* Ef skammstafa á eitt langt orð þá er ekki punktur milli stafa, einungis í lokin. Skoðum dæmi: *klukkustund verður klst. og næstkomandi verður nk.*



Skoðaðu þessar skammstafanir. Fyrir aftan þær eru tvær skýringar. Önnur þeirra er rétt en hin er tilbúningur og bull.

20

Dragðu hring utan um réttu skýringuna við hverja skammstöfun.

- m.ö.o.** með öðrum orðum / menn öðlast orma
- o.s.frv.** of stutt fermingarveisla / og svo framvegis
- a.m.k.** allir maka krókinn / að minnsta kosti
- ath.** athuga / athafnafrelsi
- t.d.** til dæmis / tómar dósir
- s.s.** sól og sumar / svo sem
- e.t.v.** eftir sjónvarpsútsendingu / ef til vill
- msk.** matskeið / maskari
- bls.** blaðsíða / blástur
- o.fl.** oftast flogið / og fleira

Skoðaðu þessar skammstafanir. Byrjaðu á því að skrifa hvað þú heldur að þær standi fyrir. Flettu þeim svo upp og teiknaðu broskaril í þriðja dálkinn ef þú hafðir rétt fyrir þér. Ef þú hafðir ekki rétt fyrir þér þá skrifar þú í þann dálk rétta skýringu.

Skammstöfun	Ágiskun	Skýring
u.þ.b.		
þ.m.t.		
b.t.		
km		
klst.		

Greinarmerki

Þið munið eftir greinarmerkjunum sem gefa okkur til kynna að málsgrein sé lokið. Já, alveg rétt hjá ykkur það eru einmitt þrjú þurarnir **punktur**, **spurningarmerki** og **upphrópunarmerki**.

Núna ætlum við að bæta við þekkingu okkar og skoða greinarmerkið **kommu** og skoða líka tilvísunarmerki, sem sumir vilja kalla **gæsalappir**.



Komman , er skemmtilegt fyrirbæri sem hjálpar okkur að gera örlítið hlé á málsgrein án þess þó að henni ljúki alfarið.

Gott er að hika svolítið við kommu þegar texti er lesinn upphátt.

Ef .? og ! eru stöðvunarskyldur má segja að , sé biðskylda.

Komman er t.d. sett á milli orða í upptalningu og á eftir ávarpi.

Dæmi:

Kauptu hveiti, egg, mjólk og lyftiduft.

Kæra vinkona, mig langar að hitta þig.

Tilvísunarkerki (gæsalappir) eru notuð til að afmarka beina ræðu eða vísa í orðréttu tilvitnun. Ef við hugsum okkur lappir á gæs þá myndi hún standa í báðar fætur á jörðu í upphafi setningar en standa á haus í lok hennar.

Gæsalappir í íslensku byrja m.ö.o. niðri á línunni og enda uppi. Það er ágætt að muna að gæsalappir líta út eins og **99** og **66** þegar þær eru skrifaðar.



Nú eruð þið kannski að hugsa: „En hvað er bein ræða?“ Þetta var bein ræða! Bein ræða er það kallað þegar við höfum eitthvað orðrétt eftir einhverjum öðrum. Við setjum þá allt sem viðkomandi sagði inn í gæsalappir.

Dæmi:

Mamma sagði: „Þú verður að klára heimavinnuna áður en þú ferð á æfingu.“
„Það er skylda að hjóla með hjálm,“ sagði löggan alvarleg.

Skoðið vel greinarmerkin í þessum tveimur dæmum.

- Sjáið þið tvípunktinn á undan gæsalöppunum? Hann kemur alltaf þegar sá sem segir hlutinn innan gæsalappa er á undan tilvísuninni.
- Skoðið seinna dæmið og sjáið kommuna. Ef sá sem sagði tilvísunina kemur á eftir henni þá setjum við kommu áður en við lokum gæsalöppunum.

Eins er gott að muna að punktar, spurningarkerki og upphrópunarkerki eru sett áður en gæsalöppunum er lokað. Munið lærlingarnir mínir að æfingin skapar meistarann!



22

Bein ræða – greinarmerki

Bættu inn tilvísunarkerkjum (gæsalöppum), tvípunkti, kommum, punktum og spurningarkerkjum eftir því sem við á.

Gréta sagði þú ert hann

Hlaupu í burtu kallaði Stjáni

Krissa spurði Kennari megum við fara fyrir

Pabbi kom með svuntuna fram í stofu og sagði glaður Maturinn er tilbúinn

Mamma leit á mig hissa og spurði Viltu ekki koma með mér til ömmu

Kæra dagbók mig langar í hest skrifaði Brjann í dagbókina sína

Greinarmerki óskast!

Í þessar málsgreinar vantar greinarmerki. Það vantar ýmist kommur, punkta, spurningarmerki, upphrópunarmerki eða tilvísunarmerki (gæsalappir).

Vinnið með námsfélaga. Bætið inn viðeigandi greinarmerkjum þar sem þið teljið þau eiga heima.

Þetta er fugl (vísbending: Hér vantar 1 greinamerki).

Ertu viss um að þetta sé fugl (vísbending: 1 greinamerki).

Já þetta er klárlega fugl (vísbending: 2 greinamerki).

Á morgun í skólanum munum við fara í stærðfræði íslensku og smíði fyrir hádegi (vísbending: 3 greinamerki).

Brynja Valdís skoraði kallaði Emilía (vísbending: 3 greinamerki).

Hæ Kata sagði Pétur glaður Er ekki allt gott að fréttu (vísbending: 7 greinamerki).

Margræðni orða

Stundum er hægt að finna tvær eða fleiri merkingar á orði. Til dæmis getur orðið þera bæði verið notað í merkingunni ljósapera og ávöxturinn þera. Það væri t.d. ekki gott að borða aðra þeruna og hin myndi ekki gera mikið gagn í lampa.

Sama orðið ... tvenns konar merking

Skoðaðu þessi orð og reyndu að finna tvær mismunandi merkingar á orðunum. Skrifðu tvær málsgreinar við hvert dæmi þar sem mismunandi merking orðsins kemur fram.

lok _____

látast _____

vera _____

 hætta _____

 á _____

25

Heitir þú hvað?

Mörg mannanöfn geta haft aðra merkingu en að vera heiti einhvers.

Sýndu dæmi með málsgrein.

Bolli _____
 Ösp _____
 Finnur _____
 Lína _____
 Skjöldur _____
 Einar _____
 Sóley _____
 Anna _____

Finndu fleiri orð sem hafa margræða merkingu og skrifaðu þau niður hér inn í rammann.

Út í geim og aftur heim

Er einhver þarna úti?

Spreyttu þig á textanum *Svæði 51*.

1

Forlestur

a. Skoðaðu fyrirsögnina. Um hvað heldur þú að greinin sé?

b. Skoðaðu myndina. Hvað segir hún þér um efnið?

c. Skoðaðu millifyrirsagnirnar og myndatextann. Hvaða upplýsingar færðu um innihald textans?

d. Punktaðu hjá þér það sem þú veist nú þegar um efnið.

e. Hvað viltu vita meira um efnið?

Lestur

a. Lestu textann um Svæði 51 vandlega.

b. Stoppaðu eftir hverja efnisgrein og spurðu sjálfan þig hvort þú skiljir innihaldið.

c. Flettu upp orðum sem þú ekki skilur.



Svæði 51

Í Nevadaríki í Bandaríkjunum er að finna svæði sem kallað er Svæði 51. Stundum er svæðið tengt herstöðinni við Groom Dry Lake.

Eins og tíðkast í herstöðvum er öllum óviðkomandi bannaður aðgangur. Þess vegna eru ekki margir sem vita hvað er nákvæmlega að finna á Svæði 51. Flestir segja að á svæðinu sé herinn að vinna að mjög mikilvægum og leynilegum málum. Svæðið er sem sagt vagga margra leyndarmála.

Brotlentu geimverur á svæðinu?

Þeir sem trú á fljúgandi furðuhluti (oft kallaðir FFH á íslensku sem minnir á ensku skammstöfunina UFO) eru alveg vissir um að geimfar hafi brotlent á Svæði 51. Þeir segja að bandaríska ríkisstjórnin geymi ekki bara geimfarið á svæðinu, heldur einnig geimverur.

Svæðið er vel aðgirt. Því er erfitt að komast að því og sjá hvað þar er um að vera. En áhugi fólks á svæðinu minnkar ekki við það að sjá furðulegar vélar fljúga til og frá herstöðinni. Það þarf þó ekki að þýða að geimverur og geimför séu á svæðinu. Svæði 51 var upphaflega notað til þess að þróa nýja njósnotu.

Margir trú því líka að það sem hægt er að sjá á loftmynd af svæðinu sé ekki svæðið í heild. Heldur sé gríðarstór bygging neðanjarðar. Ástæðan fyrir því eru sögur fyrrum hermanna sem segjast hafa unnið á svæðinu.

Laðar að ferðamenn

Dulúðin í kringum Svæði 51 hefur verið innblástur margra kvikmynda og sjónvarpsþátta. Í kringum svæðið eru seldir minjagripir og óhætt er að segja að svæðið laði að sér ferðamenn. Hvað sem kann að finnast á svæðinu, þá er eru ekki miklar líkur á því að ríkisstjórn Bandaríkjanna muni upplýsa okkur um það.

Eftirlestur

a. Passar efni textans við þær hugmyndir sem þú hafðir í forlestri?

já

nei

b. Endursegðu efni textans í fjórum málsgreinum.

c. Finndu 5 lykilorð í textanum.

d. Gerðu einfalt hugarkort um það sem þú veist núna um Svæði 51.

Persónusköpun – Geimvera

2 Teiknaðu mynd af geimverunni þinni.

Persónulýsing

Nafn verunnar:

Nafn plánetunnar sem hún kemur frá:

Fjarlægð frá Jörðu:

Tungumál eða tjáningaraðferð:

Farartæki:

Sérstakir hæfileikar:

Útlitslýsing:

Hennar helsti draumur:

Hún myndi aldrei ... vegna þess að ...

Hún borðar alltaf ... vegna þess að ...

Henni líkar vel við ... vegna þess að ...

Hún þolir ekki ... vegna þess að ...

Þeir fóru á tunglið ... eða hvað?

4

Lesið textann á bls. 50 í lesbók. Finnið a.m.k. 7 lykilorð.

5

Skrifið stutta endursögn með því að nota lykilorðin ykkar.

6

Teiknið upp tvö hugarkort.

- Það fyrra sýnir vitneskju ykkar um tunglferðir.
- Það síðara heldur utan um hugmyndir þeirra sem telja tunglferðirnar blekkingu.





7

Búið til spurningar sem gætu passað við þessi svör:

- a. _____

 Svar: 20. júlí 1969
- b. _____

 Svar: Neil Armstrong og Buzz Aldrin
- c. _____

 Svar: Þetta er eitt lítið skref fyrir mann - en risastökk fyrir mannkynið.
- d. _____

 Svar: Rúmar 2 klukkustundir.
- e. _____


 Svar: Bandaríkin og Rússland.


Orðarýni

Þetta verkefni beinir sjónauka sínum að fjólubláu orðunum á bls. 48–51 í lesbók. Þar koma fyrir fjólubláu orðin:

príla, klöngraðist, mánasandi, greypt og kenningar

- 8 Fylltu inn í hugarkortin. Hér er gott tækifæri til að nýta orðabók eða tölvuorðabók.





9

Í textanum stendur: ...skilti sem **greipt** var í...

Hvað þýðir sagnorðið að greypa?

- prentað á (líkt og á stuttermaboli)
- grafið í (líkt og merking aftan á verðlaunapeningi)

10

Úr hvaða tveimur orðum er samsetta orðið mánasandur?

Hvað getur þú ímyndað þér að mánasandur sé?

Hvaða orð finnur þú sem er samheiti yfir orðið máni?

11

Hvað þýðir orðið **umferðartími** eins og það kemur fyrir í textanum í lesbók?

- sá tími sem það tekur stjórnfarið að fara einn hring í kringum tunglið.
- sá tími sem það tekur að stýra umferð á fjölförnum gatnamótum.

12

Orðin **príla** og **klöngrast** koma fyrir í textanum. Hvaða merkingarmunur finnst þér vera á orðunum? Er annað orðið neikvæðara en hitt?

Skrifaðu tvær málsgreinar, aðra þar sem orðið príla kemur fyrir og hina þar sem þú notar sagnorðið að klöngrast.

13

Veldu eitt af þessum orðum og finndu eins margar orðmyndir eins og þú getur sem tengjast því.

För, trúir, vindur, fleygur, geimur

Dæmi:

Sigla
sigling
segl
sigldi
seglskúta

...

Orð dagsins er _____

Málfróður mælir – fallbeyging nafnorða

14

Fallbeygðu eftirfarandi orð í öllum aukaföllum.

Mundu að nota hjálparorðin sem hér eru sett inn til að mynda setningar. Þannig færðu betri tilfinningu fyrir því falli sem orðið á að standa í.

Hér er fallegur hestur

Ég er að tala um fallegan _____

Ég er að koma frá fallegum _____

Ég er að fara til fallegs _____

Hér er góður maður

Ég er að tala um góðan _____

Ég er að koma frá góðum _____

Ég er að fara til góðs _____

Hér er gáfuð kona

Ég er að tala um gáfaða _____

Ég er að koma frá gáfaðri _____

Ég er að fara til gáfaðrar _____


Hér er duglegt barn

Ég er að tala um duglegt _____

Ég er að koma frá duglegu _____

Ég er að fara til duglegs _____

Taktu eftir orðunum sem standa með nafnorðunum: fallegur, góður, gáfuð, duglegt. Þessi orð lýsa nafnorðunum. Þau kallast lýsingarorð. Þú færð að heyra meira um þau síðar í bókinni. Þú getur farið að hlakka til!



Nauðsyn þess að fallbeygja

15

Ef við myndum ekki fallbeygja nafnorð þá væru þau öll í nefnifalli. Lestu textann hér fyrir neðan og strikaðu undir þau nafnorð sem ættu að vera í aukafalli. Vísbending: Þau eru 10 talsins.

Í gær fékk ég að fara með mamma í búðin og velja mér nýja tölva. Auðvitað var það mjög skemmtilegt því það er ekki á hverjum dagur sem það er í boð. Það var í þriðju verslunin sem við fundum gripurinn. Ákaflega stoltur sýndi ég bróðir mínum og systir tölvan. Óhætt er að segja að allir hafi verið glaðir með hana.

Skrifaðu á línurnar hér fyrir neðan hvernig orðin sem þú strikaðir undir ættu að vera skrifuð. Og til að gera verkefnið aðeins þyngra getur þú spreytt þig á að skrifa líka hvort þau eru í þolfalli eða þágufalli (notaðu skammstafirnar: þf. fyrir þolfall, þgf. fyrir þágufall).

Vísbending: Fjögur nafnorðanna eru í þf. og sex í þgf.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

hér er ...
nf.

um ...
þf.

frá ...
þgf.

til ...
ef.

Rifjaðu upp það sem þú veist nú þegar um nafnorð

Nú veist þú orðið eitt og annað um orðflokkinn nafnorð. Til að rifja upp það sem þú kannt nú þegar skaltu skoða ramma um sérnöfn og samnöfn, eintölu og fleirtölu og um kyn nafnorða.

upprifjun

Sérnöfn og samnöfn

Nafnorð skiptast í sérnöfn og samnöfn.

Sérnöfn eru nöfn á fólki og dýrum og heiti staða og fyrirbæra. Þau eru alltaf skrifuð með stórum upphafsstaf. Samnöfn eru sameiginleg heiti á hlutum, fólki, dýrum, stöðum og tilfinningum. Þau samnöfn sem við getum snert (t.d. stól, tré og manneskja) kallast **hlutstæð nafnorð**. Þau samnöfn sem við getum ekki snert (t.d. gleði, mánudagur og kennslustund) kallast **óhlutstæð nafnorð**.

Eintala og fleirtala nafnorða

Nafnorð geta staðið bæði í eintölu og fleirtölu. Eintala á við þegar um einn hlut er að ræða (t.d. einn bíl) en fleirtala þegar þeir eru tveir eða fleiri (t.d. bílar).

Kyn nafnorða

Nafnorð eru annaðhvort í karlkyni, kvenkyni eða hvorugkyni. Við höfum hjálparorð til að aðstoða okkur við að finna út kyn nafnorða. Hann fyrir karlkyn, hún fyrir kvenkyn og það fyrir hvorugkyn. Hjálparorðin virka þannig að við getum sett þau í stað nafnorðsins til að sjá í hvaða kyni nafnorðið er.

karlkyn t.d. Súkkulaðimolinn (**hann**) bráðnaði áður en ég gat borðað hann.
(kk.)

kvenkyn t.d. Kennslustundin (**hún**) var mjög skemmtileg.
(kvk.)

hvorugkyn t.d. Við unnum verkið (**það**) hratt og vel.
(hk.)

Æfðu þig!

16

Flettu upp á textanum Tunglferðirnar í lesbókinni á bls. 48.

Finndu fimm sérnöfn í textanum.

Finndu þrjú samnöfn í textanum sem eru hlutstæð nafnorð.

Finndu þrjú samnöfn í textanum sem eru óhlutstæð nafnorð.

Finndu fimm nafnorð í eintölu í textanum.

Finndu fimm nafnorð í fleirtölu í textanum.

Finndu níu nafnorð í textanum. Þrjú í karlkyni, þrjú í kvenkyni og þrjú í hvorugkyni.

kk.	kvk.	hk.

Eins og fram hefur komið veist þú nú þegar heilmikið um nafnorð.

Þú veist að þau:

- skiptast upp í sérnöfn og samnöfn, sum eru hlutstæð og önnur óhlutstæð.
- breytast eftir því hvort þau eru í eintölu eða fleirtölu.
- geta verið í karlkyni, kvenkyni eða hvorugkyni.
- fallbeygjast í fjórum föllum, nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli.

En vissir þú að nafnorð bæta við sig greini? Kannski ekki. Skoðum það nánar.

Greinir

Skoðaðu muninn á þessum tveimur orðum:

maður **maðurinn**

Munurinn er endingin – inn á seinna orðinu.

Munurinn er líka sá að fyrra orðið, maður, vísar í einhvern mann en seinna orðið, maðurinn, vísar í einhvern ákveðinn mann. Þessi ending kallast greinir. Honum getum við bætt við nafnorð. Hann breytist eftir því í hvaða kyni nafnorðið er og svo fallbeygist hann. Skoðaðu þessi þrjú nafnorð. Taktu eftir að greinirinn er með jafn mörg n og hjálparorðið.

kk.	kvk.	hk.
drengurinn (minn)	stúlkan (mín)	barnið (mitt)
drenginn (minn)	stúlkuna (mína)	barnið (mitt)
drengnum (mínum)	stúlkunni (minni)	barninu (mínu)
drengsins (míns)	stúlkunnar (minnar)	barnsins (míns)

17

Spreyttu þig!

Bættu við greini aftan á þessi nafnorð. Öll nafnorðin eru í nefnifalli (hér er...).

kk.	kvk.	hk.
leikur _____	taska _____	hús _____
sími _____	peysa _____	blað _____
fiskur _____	skúta _____	blóm _____

Nú færðu ekki uppgefið í hvaða kyni orðið er ... spreyttu þig aftur!

fólk	_____	hanski	_____	bók	_____
dýr	_____	kisa	_____	orð	_____
geimvera	_____	köttur	_____	geimfar	_____
pláneta	_____	hnöttur	_____	tungl	_____
geimbúningur	_____	mynd	_____	geimfari	_____

Áður en við snúum okkur að öðru skaltu núna taka greininn af orðunum.
Skrifaðu orðin á línurnar án greinis.

tölvupósturinn	_____	tæknin	_____
skólinn	_____	leikurinn	_____
tréð	_____	merkið	_____
snillingurinn	_____	heppnin	_____
sporið	_____		

Geimkorn

Veldu þér eitt af geimkornunum í lesbókinni. Ekki gleyma geimkorninu á bls. 37!

18

Fylltu út í hugarkortið.

Hvað finnst mér áhugaverðast við geimkornið?

Atriði sem ég vissi ekki áður en veit núna um geimkornið.

Geimkorn
nr. _____

Spurningar sem koma upp í hugann við að lesa geimkornið.

Hvað langar mig að vita meira um geimkornið?

Að afla upplýsinga

Viðtöl

Að taka viðtal er góð leið til að safna upplýsingum fyrir verkefni, ritgerð eða fréttagrein. Oft er besta leiðin að upplýsingunum sú að tala við sérfræðing, höfund eða einhvern sem hefur upplifað það sem þú vilt vita um. Viðtal er hægt að taka með því að hitta viðmælandann, spjalla við hann í síma eða með því að senda spurningar í tölvupósti.



Hvaða persónu myndir þú vilja taka viðtal við?

Ég mæli alls ekki með því að taka viðtal við einhvern með aðstoð bréfdúfu. Svörin eru bara of lengi að berast. Svo er alls ekki víst að dúfurnar finni rétta viðmælandann. Það hefur komið fyrir bestu dúfur.

Fréttamenn eru sérfræðingar í að taka viðtöl og spyrja spurninga.

Það er því snjallt að skoða hvernig þeir bera sig að. Hér eru nokkur góð ráð:

- Undirbúðu þig vel. Aflaðu þér upplýsinga um efnið og viðmælandann áður en þú tekur viðtalið.
- Skrifaðu niður helstu spurningar sem þú vilt fá svar við. Þær kallast lykilsurningar. En hlustaðu jafnframt vel á viðmælandann og vertu tilbúinn að bæta við aukaspurningum sem vakna við að hlusta á það sem hann hefur að segja.
- Vandaðu spurningagerð. Það þykir ekki gott að vera með of margar lokaðar spurningar. En það eru spurningar þar sem svörin eru annað hvort „já“ eða „nei“. Opnar spurningar gefa viðmælanda færi á að svara með eigin orðum.

Dæmi:

- Fannst þér gaman að skrifa þessa bók?
- Já.
- Hvernig kviknaði hugmyndin að bókinni?
- Ja, það er nú heldur betur saga að segja frá því. Fyrir ári síðan fór ég í ferð til Suðurskautslandsins til að skoða mörgæsir og lenti í ótrúlegum ævintýrum sem ...

Spreyttu þig!

19

Þú ert að vinna hjá fréttamiðlinum *Alheimurinn*. Nokkrir atburðir hafa átt sér stað sem þú vilt endilega fjalla um í blaði morgundagsins. Veldu þér eitt umfjöllunarefni.

- Geimfari skrappt til tunglsins.
- Undarleg ljós sáust á himni. Sjónarvottur segist hafa séð geimskip.
- Hlaupahjóli er stolið af gamalli konu. Þjófurinn er ófundinn en vitni segir að geimvera hafi verið að verki.

Veldu þér viðmælanda og semdu a.m.k. sex góðar spurningar sem munu varpa ljósi á málið. Hafðu fréttaspurningarnar fimm til hliðsjónar.

Mundu eftir því að kynna viðmælandann í upphafi og þakka honum fyrir viðtalið í lokin.

- HVAÐ gerðist?
- HVAR átti það sér stað?
- HVENÆR gerðist það?
- HVERNIG vildi það til?
- HVERS VEGNA gerðist það?

Spyrill	Viðmælandi



Fáðu námsfélaga til að leika viðmælandann. Spurðu hann spurninganna þinna og skráðu svörin. Svara þú svo spurningum hans.



Kennarinn skiptir ykkur upp í jafnstóra hópa og hver hópur dregur eitt geimkorn.

1. Leitið að upplýsingum um geimkornið sem þið fenguð.
2. Skráið niður hvar þið funduð heimildirnar sem þið notið.
3. Útbúið kynningu á efninu fyrir bekkjarfélaga. Gott er að finna myndir sem tengjast efninu og jafnvel stutt myndbönd. Myndefni gerir kynningar oft meira lifandi.
 - a. Kynnið ykkur efni geimkornsins og finnið fleiri upplýsingar um það, aðrar en þær sem koma fram í þessari bók.
 - b. Segið frá því hvað ykkur fannst áhugavert, forvitnilegt, skemmtilegt og/ eða ótrúlegt við efnið eftir nánari eftirgrennslan.
 - c. Endið kynninguna á því að segja samnemendum ykkar frá því hvar þið funduð upplýsingar (heimildir) sem þið nýttuð í kynningunni.
 - d. Æfið vel upplestur og reynið að flytja efnið nánast blaðlaust. Þið getið þó stuðst við lykilorð.

Málvísi

Töluorð

Einn af fallorðaflokkunum kallast töluorð.

Töluorð geta verið bæði framtölur (einn, tveir, tíu, fimmtán ...) og raðtölur (fyrsti, annar, tíundi, fimmtándi ...).

Við getum skrifað töluorð með tölustöfum (1, 2, 1., 2.) eða með bókstöfum (einn, tveir, fyrsti, annar). Taktu eftir því að munurinn á því að skrifa framtölu og raðtölu er punktur á eftir tölunni.

20

Skrifaðu þessar tölur með bókstöfum. Mundu að það er munur hvort það er punktur á eftir eða ekki:

5 _____	13. _____
9 _____	19 _____
13 _____	25. _____
5. _____	29 _____
9. _____	31 _____
6. _____	48. _____

21

Skrifaðu þessar tölur með tölustöfum. Mundu að skrifa raðtölur með punkti á eftir tölustafnum:

FYRSTI _____	TÍU _____
FJÓRÐI _____	TÓLFTI _____
SEX _____	NÍTJÁNDI _____
ÁTTA _____	SJÖTÍU OG TVEIR _____
SJÖLUNDI _____	HUNDRAÐ _____

sjötti
Fimmtán
tuttugasti og fyrsti
1. desember
2018
9
17. júní
13
7

Skrifaðu töluorðin inn í textann með bókstöfum:

Fjóla á (6) _____ systkin, (4) _____ systur og
 (2) _____ bræður. Samtals eru þau með (14) _____
 hendur og (7) _____ höfuð. Fjóla fékk heimaprjónaða húfu frá
 (1) _____ bræðra sinna. Þess sem er (3.) _____
 elsti af þeim. Í næsta mánuði mun Fjóla fara til (2) _____ systra
 sinna í afmæli. Önnur verður (12) _____ ára en hin fagnar (14.)
 _____ aldursári. Þar sem hún er (1.) _____ systkina
 sinna að fá bílpróf mun hún sækja (3) _____ systkin sín á leiðinni.
 (2) _____ afmælisveislan verður á föstudegi en hin á laugardegi.
 Fjóla keyrir um á (4) _____ dyra bíl og er afbragðs bílstjóri að
 eign mati.



SEGÐU MÉR MYNDASÖGU!!! BÚMM!! DING! SPLASS ...

Skrýtluskissa

1

Lestu eftirfarandi skrýtlu.

Kata: Sjáðu pabbi, ég gat búið til fiðlu.
Pabbi: Snjöll ertu! En hvar fékkstu strengina?
Kata: Úr píanóinu þínu.

2

Teiknaðu brandarann í myndasögurammana. Settu textann inn í talblöðrur.

Persónusköpun

3 Skapaðu persónu sem myndi sóma sér vel í grínmyndasögu.

Persónan mín

Nafn _____

Skapgerð _____

Kostir _____

Gallar _____

Hvert er leyndarmál persónunnar

Á hún eitthvert áhugamál? Gæludýr,
skrýtna hluti, farartæki ...

Hvað ertu að segja?

Hvað er að gerast á þessum myndum?
Hvað eru þessar persónur að segja?



4

Veldu viðeigandi talblöðru fyrir hverja persónu, teiknaðu þær á rétta staði og skrifaðu gríntexta.



Lestrarrannsókn Grínhildar



Pisst! Hei þú! Já þú!
Hlustaðu vel. Ég mun bara segja þetta
einu sinni... bara einu sinni!
Svaraðu spurningunum og merktu við
svör sem eiga við þig. Bara þig! Ekki mig.
Þú mátt krossa við fleiri en einn reit.
En bara stundum, bara stundum.
Usssss, ekki andvarpa svona hátt!



5

Svaraðu eftirfarandi spurningum.

Ertu að lesa skáldsögu þessa dagana?

- Já. Hvaða bók? _____
- Nei. Af hverju ekki? _____

Hvers konar bækur þykir þér skemmtilegast að lesa?

- fyndnar skáldsögur
- ævintýrabækur
- myndasögur
- tímarit með fróðlegu ívafi
- spennandi skáldsögur
- fræðibækur
- sannar sögur
- smásögur
- brandarabækur
- annað: _____

Á hvaða formi þykir þér best lesa?

- rafbók
- bók
- hlusta á hljóðbók

Hvernig gengur þér að lesa myndasögur?

- vel
- sæmilega
- illa
- Mér finnst erfitt að lesa textann í talblöðrunum
- Myndirnar hjálpa mér að skilja hvað er að gerast
- Það er auðvelt að muna hver er hvað í sögunni

Hversu oft lest þú í viku?

- á hverjum degi
- oftari en 5 sinnum
- oftari en 3 sinnum
- oftari en einu sinni
- sjaldnar en einu sinni

Hvaða bók langar þig til að lesa næst?

Að lesa og skilja

Þekkirðu Lóu?

Lóa er heiti á vinsælum frönskum myndasögum um táningsstúlkuna Lóu eftir listamanninn Julien Neel. Sjö bækur hafa komið út í ritröðinni á frummálinu frönsku en þær verða átta í heildina.

Teiknimyndabættir fyrir sjónvarp hafa verið gerðir um ævintýri Lóu sem og kvikmynd árið 2014. Bókaflokkurinn fylgir Lóu frá tólf til átján ára aldurs. Fjórar fyrstu bækurnar hafa komið út á íslensku.



Lóa er sjálfstæður og skapandi unglingur sem elst upp hjá ungri einstæðri móður. Móðirin Emma er litrík persóna, sveimhugi sem skrifar vísindaskáldsögur og eyðir mestum tíma í að spila tölvuleiki. Ástarmál eru ofarlega í huga þeirra mæðgna, en sögurnar fjalla líka á broslegan hátt um vináttu, söknuð og hversdagsleg vandamál. Besta vinkona Lóu, Mina kemur einnig mikið við sögu sem og æskuástin Tristan, ásamt mörgum öðrum.

Bækur um Lóu á íslensku:
Trúnaðarkver
Grafarþögn
Á hverfanda hveli
Ástarsæla

6

Svaraðu eftirfarandi spurningum.

- a. Finndu samheiti orðsins **táningur**.

- b. Fjórar bækur hafa komið út á íslensku. Hvað er Lóa gömul í fyrstu bókinni?

- c. Hver af eftirfarandi fullyrðingum lýsir persónunni Lóu?

- með áhuga á vísindum
 dugleg og hugmyndarík
 einstæð

- d. Hver af eftirfarandi orðum lýsir móður Lóu?

- ábyrgaðarfull
 ströng
 draumórakona

e. Höfundur bókanna um Lóu, Julian Neel er frá _____ landi.

f. Ástarmál eru ofarlega í huga þeirra **mæðgna** ...

Hvað merkir litaða orðið?

dóttir og móðir

tvær mæður

vinkonur

g. ... og **hversdagsleg** vandamál.

Hvað orð merkir það sama og litaða orðið?

furðuleg

merkileg

almenn

h. Á hvaða tungumáli eru bækurnar um Lóu upprunalega?

i. Veldu þrjú orð úr textanum um Lóu sem þú ekki skilur.

Skrifaðu þau inn í töfluna.

Giskaðu á merkingu þeirra. Til þess þarftu ef til vill að lesa textann í kringum orðið vel og vandlega.

Finndu merkingu orðanna í orðabók.

Orð	Ágiskun	Merking

- j. Textinn samanstendur af tveimur efnisgreinum.
Finndu tvö nafnorð í seinni efnisgreininni.

Fylltu inn í reitina.

Nafnorð	kyn	tala

Er fyrra orðið með greini?

- já
 nei

Er seinna orðið með greini

- já
 nei

Fallbeygðu orðin í eintölu.

nefnifall _____

þolfall _____

þágufall _____

eignarfall _____

nefnifall _____

þolfall _____

þágufall _____

eignarfall _____

Úr smiðju Málfróðs – Lýsingarorð

Lestu og skoðu myndasöguna á bls. 73 í grunnbókinni.

Lýsingarorð lýsa því hvernig nafnorðin eru.
Lýsingarorð skreyta tungumálið.

Ég er köttur.
Ég er sætur
köttur.



Ég er mús.
Ég er brjáluð mús.



Ég er hús.
Ég er gamalt hús.



7

Veldu lýsingarorð úr rammanum sem eru lýsandi fyrir nafnorðin.

hátt, frábær, skemmtileg, pirruð, grimmur, sæta, litla

Er þetta _____ hundur?

Mér finnst þetta vera _____ tölvuleikur.

Kvikmyndin var mjög _____.

Ég sá _____, _____ kisu úti í garði.

Vá hvað þetta tré er _____.

Lítill börn verða _____ ef þau sofa ekki nóg.

8

Hvaða orð detta þér í hug sem lýsa þessum félögum? Skrifaðu þau í skýin.



Lýsingarorð geta staðið með nafnorðum í hvorugkyni, kvenkyni og karlkyni. Þau eru til í eintölu og fleirtölu.

9

Spreyttu þig á að setja lýsingarorðin inn í réttum orðmyndum.

Eintala	Fleirtala
kát kona _____ maður _____ barn	kátar konur _____ menn _____ börn
lífill drengur _____ stúlka _____ barn	lítill drengir _____ stúlkur _____ börn
gult hús _____ trefill _____ girðing	gul hús _____ treflar _____ girðingar
langt strik _____ vegur _____ saga	löng strik _____ vegir _____ sögur
svört krukka _____ sokkur _____ þak	svartar krukkur _____ sokkar _____ þök

10

Lýstu þekktri persónu.

Veldu þér þekktu persónu út myndasögum eða teiknimyndum. Skrifaðu nákvæma lýsingu á persónunni. Lýstu fatnaði, útliti og helstu eiginleikum.

Frumstig – miðstig – efsta stig

Lýsingarorð stigbreytast. Þau standa ýmist í frumstigi, miðstigi eða efsta stigi.

Dæmi:

frumstig	miðstig	efsta stig
stór	stærri	stærstur
löng	lengri	lengst
latt	latara	latast

Sum lýsingarorð stigbreytast óreglulega.
 Leggðu á minnið:
 gott - betra - best
 vondur - verri - verstur
 ill - verri - verst
 gömul - eldri - elst
 margir - fleiri - flestir
 mikið - meira - mest

11

Spreyttu þig og fylltu inn í töfluna.

frumstig	miðstig	efsta stig
hraður		
rík		
duglegt		
fríður		
glöð		
rautt		

Málfarsmolinn

Slangur og slettur

12

Semjið samtal milli afa og Melkorku.

Ha?

Melkorku finnst gaman að nota slangur og slettur en afi skilur hvorki upp né niður. Hér væri tilvalið að vinna með námsfélaga og skemmta svo bekkjarfélögum með því að setja leikþáttinn á svið.



Stafsetningarsjónaukinn

N og NN í endingu orða

UNN-orðin

Einkunnarreglan og Sæunnarreglan

Lestu vel og vandlega um –unn orðin á bls. 76 í lesbókinni.

Leystu síðan verkefnið hér á eftir.

13

Finndu orðin í orðasúpunni. Orðin geta verið skrifuð aftur á bak eða áfram, lóðrétt, lárétt eða á ská.

									D	E									
									Y	Q									
								B	Z	P	X								
								M	T	D	O								
							N	N	L	M	O	A							
							W	Q	I	C	U	F							
H	D	C	K	V	N	J	W	S	R	Y	V	O	R	K	U	N	N	F	S
F	O	R	K	U	N	N	K	A	B	F	N	I	Q	I	Ð	U	N	N	U
	H	I	Y	R	U	U	M	E	I	M	N	B	T	L	M	K	C	N	
		Y	C	N	N	K	E	Q	I	Y	U	P	Z	C	N	U	I		
			U	N	I	W	C	P	L	Q	K	I	F	O	U	V			
			U	E	J	K	J	N	V	N	N	E	L	F					
			K	R	T	I	Ó	N	Z	J	I	G	N	E	A	W			
			A	Ý	S	T	U	P	Z	Z	E	U	F	I	F	O			
		Q	Z	D	U	Æ	G	R	V	O	P	N	N	U	R	Ó	J		
		F	D	N	S	S	X	T			Q	N	Y	M	H	M	R		
	W	A	N	T	T	U	T					N	H	E	U	V	I	Y	
	T	N	R	Q	J								P	Q	B	T	A		
S	K	Z	H													K	T	K	J
R	W																	L	O

Ingunn, lðunn, Steinunn, forkunn
 Dýrunn, Ljótunn, miskunn, einkunn
 Sæunn, Jórunn, vorkunn

14 Fylltu inn í töfluna.

nefnifall	Jórunn			
þolfall				miskunn
þágufall		Þórunni		
eignarfall			Dýrunnar	

15 Búðu til fjórar málsgreinar. Notaðu a.m.k. 6 orð úr orðasúpunni í málsgreinarnar.

1. _____

2. _____

3. _____

4. _____

Rokkum og rímum

Að lesa og skilja

Lestu textann og svaraðu spurningunum. Sumar spurningar krefjast þess að þú finnr upplýsingar úr textanum en aðrar að þú dragir ályktanir út frá því sem þú hefur lesið.

Vatnsenda-Rósa

Rósa Guðmundsdóttir fæddist á Þorláksmessu árið 1795 í Hörgárdal. Þrátt fyrir að hún og fjögur systkin hennar hafi alist upp á menningarheimili gengu þau ekki í skóla. Líkast til er ástæðan sú að barnaskólar voru almennt ekki til á Íslandi á þessum árum. Það voru þó til margar bækur heima hjá þeim og lærðu þau ýmislegt af þeim.

Þegar Rósa varð eldri kynntist hún Páli Melsteð sem vann hjá yfirmanni sýslumanns á Möðruvöllum. Sumir segja að þau hafi átt í ástarsambandi. Páll giftist og flutti burt. Rósa kynnist Ólafi Ásmundssyni og giftist honum. Sumar heimildir segja að Rósa hafi ekki viljað giftast Ólafi því hún hafi enn haft tilfinningar til Páls. Vilja margir meina að vísurnar sem þið lásuð í lesbókinni hafi verið ortar til Páls. Páll var svaramaður Rósu í brúðkaupinu og þegar Rósa eignaðist fyrsta barnið sitt með Ólafi skírði hún telpuna Pálínu. Með Ólafi eignaðist Rósa fimm aðrar dætur og einn son.

Rósa þótti falleg og skörp. Menn höfðu gaman af því að tala við hana og hún var hnyttin í tilsvörum. Hún var líka mjög ákveðin og hefur líkast til ráðið öllu á heimili þeirra Ólafs á Vatnsenda.

Maður sem hét Natan Ketilsson dvaldi á Vatnsenda. Sagan segir að þau Rósa hafi átt í ástarsambandi og að hann gæti jafnvel verið faðir einhverra barna Rósu. Natan stundaði lækningar og þótti mjög klækjöttur. Hann vafði fólki um fingur sér, Rósu þar á meðal. Hún játaði á sig hjúskaparbrot en Ólafur fyrirgaf henni. Hann vildi ekki slíta hjónabandinu. Natan sleit sambandi sínu við Rósu sem henni sárnaði.

Af Natani er það að segja að Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson drápu hann árið 1828. Þetta morðmál er þekkt í sögu Íslands, aðallega út af því að Agnes og Friðrik voru dæmd til dauða fyrir verknaðinn og var aftakan, sem fór fram 12. janúar 1830, sú síðasta á Íslandi.

Hjónaband Rósu og Ólafs endaði með skilnaði. Hún flutti frá Vatnsenda en dvaldi þar oft til að vera með börnum sínum. Hún fór til Reykjavíkur og lærði að verða ljósmóðir, eins og mamma hennar og amma höfðu verið. Hún kynnist seinni manni sínum, Gísla Gíslasyni, sem var tæpum tuttugu árum yngri en hún. Þau fluttu til Ólafsvíkur og þar vann Rósa sem ljósmóðir og Gísli var sjómaður. Eftir nokkur ár í hjónabandi fór að bera á því að Gísli gerðist nokkuð drykkfelldur. Hann kom illa fram við Rósu og þau fóru á nokkurt flakk um landið. Rósa lést tæplega sextug að aldri og er hún grafin í kirkjugarði í Núpsdal.



1. Af hverju ætli Rósa og systkin hennar hafi ekki gengið í skóla?

2. Af hverju vilja sumir meina að Rósa hafi ekki viljað giftast Ólafi?

3. Af hverju heldur þú að Rósa hafi skírt fyrsta barnið sitt Pálinu?

4. Hvað þýðir að vera hnyttin í tilsvörum?
 fyndin dónaleg stutturorð
5. Hvað hét ástmaður Rósu sem dvaldi á Vatnsenda?

6. Hvað þýðir að vera klækjóttur?

7. Hvað þýðir orðið hjúskaparbrot?
 brotinn borðbúnaður sem gefinn var hjónum.
 framhjáhald sem gefur maka rétt til að sækja um skilnað.
 brot á útveggi heimilis eftir fárviðri.
8. Af hverju urðu endalok Natans þekkt í sögu Íslands?

9. Hvað þýðir „Gisli var drykkfelldur?“

10. Skrifðu með eigin orðum stutta endursögn um hjónaband Rósu og Gísla.

11. Miðað við textann, heldur þú að Rósa hafi lifað hamingjusömu lífi?
Taktu a.m.k. þrjú dæmi úr textanum sem rökstyðja svar þitt.

Miðgarðsormur – Orðarýni

Í lesbókinni er lagatexti Skálmaldar um Miðgarðsorminn. Í textanum eru mörg orð sem þið hafið sjaldan og jafnvel aldrei áður séð. Nokkur þeirra eru hér fyrir neðan.

1

Settu réttan bókstaf framan við orðin sem hafa svipaða merkingu.

Orð út texta:

Samheiti sem er að finna í orðasúpunni.

- | | |
|-----------------|-------------------|
| a. sorti | ___ sólarupprás |
| b. dagrenning | ___ flýja |
| c. Jörmungandur | ___ höfði |
| d. núpur | ___ kvalinn |
| e. hörfa | ___ smábátur |
| f. kjarklítill | ___ agn |
| g. þófta | ___ hugfár |
| h. kæna | ___ skip |
| i. beita | ___ sæti |
| j. ásjóna | ___ myrkur |
| k. glófi | ___ vettlingur |
| l. þjáður | ___ andlit |
| m. stríður | ___ strekktur |
| n. fley | ___ Miðgarðsormur |

Hvaða orð fannst þér erfitt að skilja?

Reyndu að finna samheitin í orðasúpunni.

C	H	L	X	K	W	R	A	H	U	W	T	N	J	P	W	P	M	O	C
O	J	W	E	L	E	E	Z	S	M	Á	B	Á	T	U	R	B	I	G	L
N	Q	F	J	Y	Z	P	L	Q	R	R	D	B	X	X	A	I	I	K	X
B	N	R	U	G	N	I	L	T	T	E	V	S	T	Y	Q	G	R	S	S
O	T	I	V	M	O	I	B	E	U	K	W	Æ	E	B	K	J	A	A	A
M	A	K	L	I	K	W	L	L	E	X	E	T	Z	B	S	K	H	F	B
V	W	J	Z	A	L	K	Z	M	S	S	J	I	T	D	S	R	O	L	R
W	V	F	F	G	V	S	J	T	C	H	L	G	I	Ó	E	W	K	T	W
Y	D	U	P	M	N	K	R	B	W	O	M	O	L	R	U	I	A	K	X
S	R	A	R	U	D	E	O	H	T	V	J	A	D	T	C	W	E	P	A
C	Q	G	J	L	K	Q	U	B	B	P	R	M	N	F	V	Y	G	E	H
D	T	N	G	K	S	B	M	U	P	U	V	A	A	I	L	L	E	Ö	X
Z	S	M	T	X	X	M	I	D	P	W	L	J	C	H	M	C	F	F	K
I	O	U	Y	O	C	R	O	P	U	R	Q	Ý	M	U	H	Ð	D	Z	Z
S	R	R	V	R	X	B	R	O	O	Z	D	L	L	G	I	K	Q	Z	M
T	M	F	D	P	K	Á	Z	A	M	R	R	F	H	F	D	S	P	Q	Z
M	U	U	S	D	S	U	F	K	T	F	I	M	F	Á	U	L	T	R	Z
A	R	D	H	M	M	F	R	U	M	R	O	S	Ð	R	A	G	Ð	I	M
N	V	L	N	O	O	I	Y	W	N	J	J	V	Z	V	L	Q	Z	B	Q
L	N	H	S	A	H	U	F	I	E	J	C	A	Z	Y	P	S	O	V	R



Hvað merkir orðið
skálmöld?

Endarím og ljóðstafir

Nú þarftu að ná þér í nokkra trélit.

- Notaðu tvo mismunandi liti til að strika undir endarímið í ljóðinu *Frostrósir*.
- Notaðu þriðja litinn til að draga hring utan um ljóðstafina. Mundu að sérhljóðar geta stuðlað saman.

Frostrósir

Þú komst til að kveðja í gær.

Þú kvaddir og allt varð svo hljótt.

Á glugganum frostrósir grær.

Ég gat ekkert sofið í nótt.

Hvert andvarp frá einmana sál.

Hvert orð sem var myndað án hljóms

nú greinist sem gaddfreðið mál

í gervi hins lífvana blóms.

En stormurinn brýst inn í bæ

með brimgný frá klettóttri strönd.

En reiðum og rjúkandi sæ

hann réttir oft ögrandi hönd.

Því krýp ég og bæn mína bið

þá bæn sem í hjartanu er skráð.

Ó, þyrndu honum, gefðu honum grið.

Hver gæti mér orð þessi láð?

Freymóður Jóhannsson

2

Skoðaðu nú hvernig þú merktir við endarímið. Hvort er hér um að ræða runurím eða víxlrím?

Atkvæði orða

Atkvæði inniheldur eitt sérhljóð. Þannig er orðið banani þrjú atkvæði: **ba**n**ani**. Við getum líka klappað orðin til að finna atkvæðafjöldann, ba-na-ni eru þrjú klöpp og því þrjú atkvæði.

3

Strikaðu undir sérhljóða þessara orða og skrifaðu á línuna fyrir aftan orðin hversu mörg atkvæði eru í þeim:

bók _____

föndur _____

sundbolur _____

stílabók _____

bekkur _____

eingirni _____

skólablað _____

hoppukastali _____

skafa _____

flugstjóri _____

eplabaka _____

súkkulaðikaka _____

strönd _____



bakari _____

körfubolti _____

krókódílablóð _____

4

Hér sérðu tíu orð. Flokkaðu þau í réttan hring eftir því hvort þau eru með 2, 3 eða 5 atkvæði.



kettlingur
næring
gítar
særingarpula

sólblóm

útidyrhurd

bananahýði





hengibrú

snjallsími

skautadans

5

Skrifaðu a.m.k. þrjú orð sem hafa jafn mörg atkvæði og tölustafurinn segir til um.



Ferskeytla

6

Eftir að hafa lesið um einkenni ferskeytla í lesbókinni ættir þú að geta fundið út hvaða þrjú ljóð eru ferskeytlur.

- Dragðu hring utan um þau þrjú ljóð hér fyrir neðan sem eru ferskeytlur.
- Strikaðu undir endarímið og mundu að það er víxlrím.
- Dragðu hring utan um ljóðstafina í ljóðunum þremur.

Á sandi

Yfir kaldan eyðisand
einn um nótt ég sveima.
Nú er horfið Norðurland,
nú á ég hvergi heima.

Kristján Jónsson fjallaskáld

Við

Hvað veist þú um mig?
hvað veit ég um þig?
og nóttin sem kemur og fer
hvað veit hún um okkur?

Ingibjörg Haraldsdóttir

Lausavísa

Lifnar gróður, grænkar rjóður,
geislar bjóða faðmlög sín,
þér helgist óður, guð minn góður,
er gafst mér ljóðabrotin mín.

Signý Hjálmarsdóttir

Geirþrúður

Húsráð:
Geymdu alltaf spegil
í brjóstvasanum
þá áttu
2 hjörtu
og getur málað varirnar
hvar sem er
hvenær sem er

Sigurbjörg Þrastardóttir

Haust

Allt fram streymir endalaust
ár og dagar líða.
Nú er komið hrímkalt haust
og horfin sumars blíða.

Kristján Jónsson fjallaskáld

Málfarsmolinn

Íslenskur orðasmíður óskast í fullt starf.

Jeil!
Ég var að vona að þú fengir starfið.
Þú ert nefnilega á hárréttum aldri til að slá í gegn í orðasmíði.
Koma svo!
Smíða, semja, smíða, semja!



7

Helstu aðferðir í orðasmíði eru þessar:

a. Að setja saman tvö orð.

Dæmi: tölvupóstur, farsími, skjávarpi.

Kíktu í pennaveskið þitt. Geturðu búið til ný orð fyrir blýantinn, strokleðrið og yddarann með því að skeyta saman tveimur orðum?

b. Gömul orð fá nýja merkingu.

Dæmi: sími, gemsí, skjár. Hvaða merkingu höfðu þessi orð áður fyrr?

c. Útlent orð aðlagað að íslensku orði.

Dæmi: hamburger – hamborgari, jeep – jeppi, shop – sjoppa.

Finndu fleiri orð sem hafa verið löguð að íslensku.

d. Bein þýðing.

Dæmi: mjólkurhristingur – milkshake, fegurðarblundur – beautysleep.

Tengdu saman:

snjallsími

Fésbók

hala niður

tísta

hugarkort

streyma

hugstormur

mindmap

brainstorm

smartphone

stream

tweet

download

Facebook

8

Af hverju skyldu svona mörg nýyrði eiga við tölvu- og tæknibúnað?

Orðarannsóknir

9

Veljið ykkur þrjú af orðunum hans Jónasar Hallgrímssonar sem finna má á bls. 86 og 87 í lesbók og aflið ykkur upplýsinga um þau. Fyllið inn í hugarkortin hér á opnunni.

Hvað merkir orðið?

Orðið í málsgrein

Samheiti

Myndskýring



Hvað merkir orðið?

Orðið í málsgrein



Samheiti

Myndskýring

Hvað merkir orðið?

Orðið í málsgrein



Samheiti

Myndskýring

Stafsetningarsjónaukinn

N og NN í endingu orða

UN-orðin

Sagnorð verður kvenkyns nafnorð

Lestu vel og vandlega um –un orðin á bls. 92 og 93 í lesbókinni.

Leystu síðan verkefnin hér á eftir.

10

Hér er listi af sagnorðum. Út frá þeim er hægt að mynda kvenkyns nafnorð sem enda á -un. Spreyttu þig!

að kvarta _____ að lækka _____

að lita _____ að rukka _____

að kanna _____ að ógna _____

að móðga _____ að loka _____

að hækka _____ að undrast _____

11

Fylltu í eyðurnar. Notaðu kvenkyns nafnorðin sem þú bjóst til hér fyrir ofan.

Inga lagði fram _____. Hún vissi ekki að kennarinn ætlaði að leggja fyrir _____ . Kjartan leit á markmanninn sem _____ .

Krökkunum fannst það helber _____ að bæjarstjórn skyldi leggja til _____ félagsmiðstöðvarinnar. Áhorfendur tóku andköf af _____ þegar úrslit voru tilkynnt. Marta varð vonsvikin þegar hún opnaði bréfið og sá að í því var _____. Snæbjörn fór í _____ og mætti með fjólublátt hár í skólann. Foreldrarnir mótmæltu _____ á strætókortum og heimtuðu _____ .

Orrustan um íslenskuna

Hvað merkja orðin?

1

Merktu við rétt svar.

a. orrusta

- bardagi
- fuglategund

b. úreldast

- gamalt armbandsúr
- að ganga úr gildi, að renna út

c. rök

- ástæða, sönnun
- lygar, ýkjur

d. viðhalda

- að halda á við
- að halda einhverju við

e. sjónarsvið

- sjónarhringur
- svið með sjón

f. afstaða


- fara af stað
- ákveða hvað mér finnst

g. undir högg að sækja

- vera í erfiðri aðstöðu
- að þurfa að fara undir högg til að sækja eitthvað

h. vera ríkjandi

- það sem er mest áberandi
- það sem rýkur mest úr








Aftur til framtíðar!



2

Semjið samtal milli nemanda frá 21. öldinni og nemanda sem uppi er eftir 100 ár.
Flytjið samtalið fyrir bekkinn.



Bókahillan

Kæra dagbók

3

Spreyttu þig á dagbókarritun. Haltu dagbók í fjóra daga. Skrifaðu um það sem á daga þína drífur, settu inn hugleiðingar um lífið og tilveruna, segðu frá áhugamálum, skólanum, fjölskyldunni og öllu því sem pirrar þig eða gleður. Og já ... gefðu dagbókinni þinni nafn.





Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Upplýsingaleit

4

Skoðaðu vefinn um Barnasáttmálann, www.barnasattmali.is og leystu eftirfarandi verkefni.

a. Hægt er að lesa Barnasáttmálann á nokkrum tungumálum á vefnum. Veldu þér eitt tungumál og skoðaðu nánar.

b. Hvernig skrifar maður *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna* á því tungumáli:

c. Hver er skilgreiningin á hugtakinu *flóttamaður* samkvæmt Barnasáttmálanum?

Glæpamaður á flóttu.

Sá sem ekki er öruggur í heimalandi sínu og neyðist til að flýja það til að tryggja öryggi sitt.

Manneskja sem langar að búa í nýju landi.

d. Hver er skilgreiningin á hugtakinu *Sameinuðu þjóðirnar* samkvæmt Barnasáttmálanum?

Samtök nær allra þjóða heims er vilja m.a. varðveita heimsfrið og tryggja öryggi.

Þjóðir í heiminum sem standa saman og mynda eitt ríki.

Íþróttaviðburður.

e. Hvað er UNICEF?

Samtök foreldra í heiminum.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

f. Smelltu á tengilinn Verkefni fyrir eldri börn. Skoðaðu þig um, kíktu á nokkur verkefni og fróðleiksmola og hlustaðu á textann.

g. Kíktu sérstaklega á tengilinn: Ganga allir í skóla? Í hvaða landi eru fæst börn í skóla?



h. Í hvaða landi eru fæst börn búin að læra að lesa við fimmtán ára aldur?
Skoðu kort.

i. Í hvaða heimsálfu er landið?

j. Hvað finnst þér um þennan vef?

- gott að vita af honum
- tilgangslaus
- áhugaverður
- gott skipulag – auðvelt að finna efni
- óskipulagður
- nauðsynlegur
- annað _____



Ísland, gamla Ísland

Nú skaltu rifja upp hvað persónugerving er.

Persónugerving er þegar fyrirbæri sem er ekki mennskt (t.d. dauðir hlutir, gróður, dýr) gera eitthvað sem manneskjur gera. T.d. þegar sagt er að húsið sofi eða að stjörnurnar vaki yfir okkur.

5

Lestu ljóðið við lagið sem við syngjum svo hátt og snjallt á þjóðhátíðardegi okkar, 17. júní, og leystu verkefnið sem á eftir koma.

Hæ, hó, jibbí, jei.

Blómin springa út og þau svelgja í sig sól,
sumarið í algleymi og hálf t. ár enn í jól.
Í hjarta sínu fólkið gleðst og syngur lítið lag,
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,
það er kominn 17. júní.

Jóni heitnum Sigurðsyni færir forsetinn,
firnamikinn, árvissan og stóran blómsveiginn.
Fjallkonan í múnderingu þrílar upp á pall,
pent hún les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,
það er kominn 17. júní.

Skrúðgöngurnar þramma undir lúðrasveitarleik,
lítil börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk.
Síðan líður dagurinn við hátíðanna höld,
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg sölutjöld.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,
það er kominn 17. júní.

Um kvöldið eru allsstaðar útidansleikir,
að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir.
En rigningin bindur enda á þetta gleðigeim,
því gáttir opnast himins og allir fara heim.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,
það er kominn 17. júní.

Bjartmar Hannesson

Hvað gerir þú oftast á 17. júní?

Hvað gera blómin í fyrsta erindinu sem flokkast sem persónugerving?

Hvað gerir rigningin í lokaerindinu sem flokkast sem persónugerving?

Kíktu aftur á bls. 82 í lesbókinni, þar er umfjöllun um endarím.

Hvort nýtir höfundur hér víxlrím eða runurím?

- víxlrím
 runurím



Hvað ætli
orðið
múndering
merki?

Stafsetningarsjónaukinn

Hv- og Kv- orð

Lestu vel og vandlega um hv- og kv- orðin á bls. 106 og 107 í lesbókinni. Framburður á orðum sem byrja á hv eða kv er oftast eins. Til að átta sig á því hvernig orðið er skrifað er nauðsynlegt að vita merkingu þess.

Skoðaðu orðin í skýinu:

Kvelja, hver, hvika,
hvelja, kviða, kví, kvalir,
hvað, hviða, kver, hvalir,
hví, kvika, hvísl,
kvað, kvísl

Öll spurnarorð eru
skrifuð með hv-

6

Settu rétt orð í eyðurnar, þú finnur þau í skýinu hér fyrir ofan

Í síðustu viku voru veiddir 6 _____ .

Ferðamaðurinn hrasaði með annan fótinn ofan í heitan _____ og var

mjög _____ lengi á eftir. „_____ var þetta eiginlega?“ spurði

Fjola þegar strákurinn _____ vísu um glaðlega kennarann. Bjarni hallar

sér að Jónu og _____ í eyra hennar: „Vertu ekki að _____ mig

svona segðu mér hvort áin _____ um sandinn eða ekki?“ Þú finnur svarið

í _____ sem fjallar um árnar á Suðurlandi á bókasafninu,“ _____

hún á móti. Krakkarnir supu _____ þegar þau hoppuðu í kalt vatnið.

7

Það skiptir máli að vita að orðið kvalir er komið af orðinu að kveljast þ.e. að finna mikið til og hvalir eru stór spendýr sem synda í hafinu. Þú getur ímyndað þér að það gæti orðið skemmtilegur misskilningur ef þetta er ekki rétt skrifað! Sjáðu t.d. þessar fyrirsagnir:

„Kvalinn í maga!“ „Hvalinn í maga!“

Skrifaðu tvö stutt fréttaskot sem fjalla um efni þessara fyrirsagna.

Kvalinn í maga

Hvalinn í maga

Spreyttu þig!

8

Skoðaðu orðapörin og merkingu þeirra. Veldu eitt orðapar og skrifaðu tvær málsgreinar þar sem bæði orðin koma fyrir.
Dæmi: Húðin á rauðmaga nefnist hvelja. Það er ekki fallett að kvelja dýr.

Kviða: tónverk eða kvæði **hviða:** t.d. vindhviða

Kvika: ólga í sjó, undiralda **hvika:** hörfa eða víkja

Kví: fjárrétt **hví:** hvers vegna

Viltu spila?

Hjarta, spaði, tígull, lauf



Ertu klár
í slaginn?

1

Veldu A eða B

- A** Rifjaðu upp spil sem þú kannt þar sem notast er við spilastokk. Skrifðu upp leikreglur. Ef þig vantar aðstoð er tilvalið að leita upplýsinga á netinu eða í þar til gerðum spilabókum sem þú finnur að öllum líkindum á bókasafninu.
- B** Búðu til nýtt spil fyrir spilastokk og semdu leikreglur.


Skoðið uppsetningu á spilareglum í spilinu Rommí sem þið getið fengið hjá kennara.

Markmið spilsins


Leikmenn

Innihald


Undirbúningur




Að hefja spilið



Spilið heldur áfram



Spili lýkur – Sigurvegari



Ævintýraleg hlutverkaspil – Upplýsingaleit

2

Í lesbókinni á bls. 115 er stuttlega fjallað um kvikmyndirnar Astrópía og Jumanji. Veljið aðra hvora myndina og leitið svara við eftirfarandi spurningum á netinu.

Astrópía

Jumanji

Hvenær var myndin frumsýnd?

Hver er leikstjóri myndarinnar?

Nefnið aðalleikara myndarinnar.

Hver er sýningartími myndarinnar?

Hver er söguþráður myndarinnar í stuttu máli?

Hvað birtast margar leitarniðurstöður þegar þú slærð titli myndarinnar inn í leitarvél?

Er hægt að horfa á myndina á netinu?

já

nei

Hvers konar leikur/spil er í forgrunni kvikmyndarinnar?

spurningaleikur

hreyfileikur

hlutverkaspil

borðspil

útileikur

Útileikir í 1000 ár

3

Hvernig léku krakkar sér í gamla daga? Þegar sjónvarp, tölvur og símar voru ekki til. Taktu viðtal við einhvern sem er eldri en 40 ára. Undirbúðu viðtalið vel og vandlega. Semdu spurningar sem hvetja viðmælandann til að svara með eigin orðum en ekki bara með já og nei. Skrifðu spurningarnar hér fyrir neðan. Svör viðmælandans getur þú skráð í ramma eða tekið viðtalið upp og skilað á rafrænu formi.

Gott er að byrja spurningarnar á eftirfarandi orðum. Það er þó ekki skylda ef þér dettur eitthvað annað sniðugt í hug.

- HVAÐ?
- HVAR?
- HVENÆR?
- HVERNIG?
- HVERS VEGNA?

Nafn á viðmælanda

Hvernig tengist þú viðmælanda þínum?

I.

SVAR

2.

SVAR

3.

SVAR

4.

SVAR

5.

SVAR

Sagnorð



Voff, ýlfur,
voff, voff!

Já, það var þetta með kamelljónið, nei ég meina sagnorðin! Eitthvað ætlaði ég nú að segja þér um þau. Humm, hvað var það aftur?

Já, alveg rétt sagnorð eða sagnir eins og við köllum þessi orð, segja okkur alltaf hvað er að gerast. Þau eru eins og kamelljón og kunna að dulbúa sig. Þau breytast oft og iðulega eftir tilefni. En þó er alltaf hægt að finna sagnorðin með því að setja nafnháttarmerkið að fyrir framan.

Dæmi: Stína fann ekki vettlinginn.
Settu í huganum nafnháttarmerkið að fyrir framan orðið fann. Að finna! Sko þarna tókst okkur að lokka sagnorðið úr dulargervi.
Skoðið nú skrátluna á næstu síðu.
Þar úir og grúir af sögnum. Þær eru út um allt. En þær kunna að fela sig, osei sei já. Getur þú fundið þær?

Mundu að nota nafnháttarmerkið!
Settu **að** fyrir framan og reyndu að lokka sagnorðin fram!

Skrýtla

Fréttapulur er að lesa fréttir í beinni útsendingu. Skyndilega laumar aðstoðarmaður til hans bladi. Fréttapulurinn spennist allur upp og tilkynnir sjónvarpsáhorfendum hátíðlega að honum hafi borist áriðandi frétt, svo áriðandi að hann þurfi að hætta lestri annarra fréttu.

Pulurinn ræskir sig og rýnir í bladið. Með alvarlegri röddu segir hann: Við höfum fengið eftirfarandi tilkynningu. Áriðandi tilkynningu. Þú ert með grænkál fast á milli tannanna á þér! Ég endurtek, þú ert með græ...

Sagnorð geta staðið í nútíð og þátíð.
Dæmi: Ég **sé** þig *núna* (nútíð).
Ég **sá** þig *áðan* (þátíð).
Til að finna út hvort sagnorð stendur í nútíð eða þátíð er hægt að bæta hjálparorðunum *núna* eða *áðan* við sögnina.

5

Strikaðu undir sagnorðin í skrátlunni

Hvað fannstu mörg sagnorð? _____

Hvaða sagnorð var erfiðast að finna?

Hvaða sagnorð var auðveldast að finna?

Hvaða tvö sagnorð í textanum stóðu í nafnhætti?

Í hvaða tíð voru hin orðin?

nútíð

þátíð

Spreyttu þig!

6

Strikaðu undir sagnorðin í rammanum. Mundu að setja nafnháttarmerkið **að** fyrir framan til að finna sagnorðin. En farðu varlega, sum eru í dulargervi!

Vísbending:
Sagnorðin eru 6!



spila	sígraði	þær
teningur	skák	færði
kasta	tapsár	tapaði
spilaborð	lauk	leikreglur
peð	bolti	

Hvaða fjögur orð voru í dulargervi?

Settu orðin sem þú strikaðir undir á rétta staði inn í málsgreinarnar. Hafðu í huga að sagnorðið gæti brugðið sér í nýtt dulargervi.

- Sigurður Snær þolir ekki að _____.
- Halla _____ á spil við hvert tækifæri.
- Þegar tengingnum er kastað á að _____ peðin.
- Spennan magnast, leiknum fer að _____.
- _____ upp á hver á að byrja!
- Ég mun leggja mig alla fram því ég ætla að _____.

7

Sagnorðasúpa

Litaðu orðin í **nútfíð rauð** og **þátfíð blá**.

sat	les	borðaði
horfi	grét	skrifar
drakk	söng	hélt
sópaði	þreif	er
sé	geng	ek

Fanga- og flaggleikur

Árið 1937 birtist þessi leiklýsing á barnasíðu í tímaritinu *Fálkanum*.

Þetta er skemmtilegur útileikur og þátttakendurnir geta verið svo margir sem vera vill. Leikvöllinum er skift í tvo jafnstóra hluta, með því að strengja snúru yfir hann þveran eða marka línuna með krítarstriki. Aftast í hvorum reit er sett upp flagg. Kringum hvort flagg eru sex steinar. Þessir steinar eiga að tákna fanga.

Nú á hvor flokkurinn um sig, að reyna eftir megni að verja sína fanga og reyna að ræna föngum andstöðuflokksins (einum í einu).

Þegar leikmaður er kominn á völl andstæðinganna, er hann eltur alveg eins og í venjulegum

skollaleik. Ef einhver nær að snerta hann þá er hann orðinn fangi og verður nú að standa kyrr bak við flaggstöng óvina sinna. Hann má ekki taka neinn þátt í leiknum fyrst um sinn. En takist honum að komast alla leið að steinunum ósnertur, þá tekur hann einn steininn. Getur hann þá gengið óáreittur til sinna manna, því að enginn má snerta hann á leiðinni.

Svona er barist um steinana þangað til annar flokkurinn hefir náð þeim öllum. Síðan er barist um flöggin sjálf en flaggstengurnar mega ekki vera fastar í jörðinni.

Á sama hátt er barist um lifandi fangana. Takist manni að komast ósnertur fram hjá andstæðingunum og grípa í hendina á félaganum sínum, þá getur hann labbað til sinna manna óáreittur, því að enginn má snerta hann á leiðinni.

Ef margir þátttakendur eru í leiknum verður leikvöllurinn að vera nokkuð stór og þá er líka gott að annar flokkurinn hafi bindi um handlegginn til auðkennis, svo að misgáningur verði ekki. Leikurinn er úti þegar annar flokkurinn hefir fengið bæði flöggin og alla steinana 12.



- Lesið textann vel og vandlega með kennara. Fáíð útskýringar á orðum sem þið ekki skiljið og veltið fyrir ykkur orðalagi í sameiningu.
- Skrifið upp öll orð sem þið ekki skilduð og finnið merkingu þeirra í orðabók.
- Árið 1937 voru greinilega í gildi aðrar reglur en nú um stafsetningu ýmissa orða. Nefnið a.m.k. þrjú dæmi um orð sem eru stafsett á annan hátt í dag. Getið þið fundið fleiri?
- Tímaritsgreininni fylgdi skýringarmynd af því hvernig setja ætti upp leikvöllinn. Hún hefur ekki **staðist tímans tönn**. Vinnið með námsfélaganum og lesið textann aftur vel og vandlega. Teiknið því næst upp skýringarmynd sem sýnir uppsetningu leikvallar, staðsetningu leikmanna, flagga og steina.
- Semjið nýja leiklýsingu með upplýsingum úr textanum um Fanga- og flaggleikinn. Ef til vill getið þið aðlagað leikinn að nútímanum. Þurfið þið að kríta völlinn eða er hægt að nota sparkvöll við skólann? Þarf að notast við steina eða á skólann keilur eða bolta sem hægt væri að nota í staðinn?
- Finnið nýtt nafn á leikinn. Dreifið því næst leiklýsingunni í aðra bekk í skólanum ykkar og hvetjið skólafélaga á öllum aldri til að prófa.
- Farið út með bekknum ykkar, setjið upp völlinn og spreytið ykkur á Fanga- og flaggleiknum.

4

Markmið leiksins

Leikmenn

Svæði og áhöld

Leiklýsing – Hvernig fer leikurinn fram?

Leik lýkur – Hvað þarf að gera til að sigra?

Að rýna í orð

8

Fylltu inn í hugarkortin. Nýttu þér íslenska orðabók eða tölvuorðabók til að fá upplýsingar um merkingu orðanna.

Hvað merkir orðið?

Orðið í málsgrein

viska

Samheiti

Myndskýring

Hvað merkir orðið?

Orðið í málsgrein

dýflissa

Samheiti

Myndskýring

Hvað merkir orðið?

Orðið í málsgrein

afþreying

Samheiti

Myndskýring

Hvað merkir orðið?

Orðið í málsgrein

úfistöður

Samheiti

Myndskýring


Hvað finnst þér?


Skrifaðu stuttar orðsendingar til þeirra Málfróðs og Grínhildar.

Hér er tilvalið að nota tækifærið og segja þeim hvað þér finnst um Orðspor.

Hvað er vel gert og hvað mætti betur fara? Hvað viltu sjá aftur í næstu bók?

Hvað viltu alls ekki gera aftur?





Heimildir

Birgitta Elín Hassel, Marta Hlín Magnadóttir. 2013. *Rökkurhæðir – Gjöfin*. Bókabeitan, Reykjavík

Bjartmar Hannesson. *Hæ, hó, jibbý, jei*.

<http://www.teigasel.is/pages/songtextar/sautjandi-juni/> sótt 10.12.2015

Brynhildur Þórarinsdóttir. *Njála*. Sótt 03.11.2015 www.islendingasogur.is

Freymóður Jóhannson. *Frostrósir*.

<http://www.guitarparty.com/is/song/frostrsir/> Sótt 05.11.2015

Gísli Ásgeirsson samdi krossgáturnar á bls. 16–19

Ingibjörg Haraldsdóttir. *Ljóð*. Mál og menning. 1991. Reykjavík.

Kristján Jónsson fjallaskáld. *Allt fram streymir...*

<http://bragi.info/visur.php?VID=15558> sótt 3.11.2015

Kristján Jónsson fjallaskáld. *Á sandi*. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/338301/> sótt 3.11.2015

Signý Hjálmarsdóttir. *Stúlka, ljóð eftir íslenskar konur*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 2001. Reykjavík.

Sigurbjörg Þrastardóttir. *Ljóð ungra skálda*. Sölvi Björn Sigurðsson valdi ljóðin. Mál og menning. 2001. Reykjavík.

Teikningar og ljósmyndir

Bls. 8 ljósmyndari: Luis Soto

Bls. 13, 26, 29, 37, 59, 62, 67, 71, 82, 89, 90, 93, Shutterstock

Bls. 23, birt með leyfi Bókabeitunnar

Bls. 64, Birt með leyfi Froskur bókaútgáfa

Bls. 77, Birt með leyfi Snæbjarnar Ragnarssonar í Skálmöld

Talaðu!

Hlustaðu!

Lestu!

ORÐSPOR

2

Íslenska fyrir miðstig grunnskóla
Vinnubók

Ágæti nemandi

Orðspor er bók fyrir þig. Hlutverk hennar er að hjálpa þér að bæta kunnáttu þína og færni til að tjá þig bæði munnlega og skriflega í íslensku. Ef þú leggur þig fram um að lesa, skilja, þjálfar og ræða um það sem stendur í bókinni munt þú njóta þess bæði vel og lengi.

Þú þjálfar heilann, lærir um netspor, fræðist um geiminn, skoðar myndasögur, lest ljóð og spilar á spil. Þú þjálfast í framsögn, tjáningu og hlustun. Auk þess eflist þú í lestri og ritun.

Megi máttur tungumálsins ávallt vera með þér!

Orðspor er heildstætt námsefni í íslensku fyrir miðstig.

Höfundar eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir, báðar með langa reynslu af kennslu í grunnskólum. Þar að auki eru þær rithöfundar og hafa skrifað fyrir börn og fullorðna, ljóð og skáldsögur.

m

MENNTAMÁLASTOFNUN

ISBN 978-9979-0-2060-8



9 789979 020608

40085

